



Bókhlaðan

Canon

Canon

Verð kr. 96.800 m/vsk

- Printa/afrita: 1200 x 600 dpi
- Printa/afrita: 1200 x 600 dpi
- Printa/afrita: 1200 x 600 dpi
- Printa/afrita: 1200 x 600 dpi
- Printa/afrita: 1200 x 600 dpi
- Printa/afrita: 1200 x 600 dpi
- Printa/afrita: 1200 x 600 dpi
- Printa/afrita: 1200 x 600 dpi



Bæjarins besta

Miðvikudagur 15. janúar 2003 • 2. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Vefang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk



Sveinbjörn kjörinn íþróttamaður ársins

Kajakraðarinn Sveinbjörn Hrafn Kristjánsson var útnefndur íþróttamaður ársins 2002 í Bolungarvík í hófi sem haldið var í Víkurbæ á sunnudag. Sveinbjörn er aðeins 19 ára gamall og er í allra fremstu röð kajakraðara á landinu um þessar mundir. Hann er mjög vel að titlinum kominn en hann vann öll þau mót sem stóðu kajakraðurum á Íslandi

til boða á síðasta ári. Sjá nánar frétt á bls. 9.



Höfuðstöðvar 3X-Stál við Sindragötu á Ísafirði.

3X-Stál á Ísafirði gerir stórsamning í Kanada

Leiðandi í stærri verkefnum í kanadískum rækjuíðnaði

Tæknifyrirtækið 3X-Stál á Ísafirði, sem sérhæfir sig í vinnslalausnum fyrir sjávarútveg, hefur undirritað sölu-samning við kanadíska sjávarútvegsfyrirtækið Fishery Product International um endurbyggingu tveggja rækjuverksmiðja. Fyrirtækið er eitt hið stærsta á austurströnd Kanada og rek-

ur fjölbætta starfsemi í Nova Scotia, á Nýfundnalandi og á Labrador.

3X-Stál hefur tekið umtalsverðan þátt í hönnunarferli þessarar verksmiðja og nýttist þar mikil reynsla fyrirtækisins í hönnun og smíði á vinnslulínunum fyrir rækjuverksmiðjur, bæði hér heima og í Kanada. „Það má segja að þessi

samningur staðfesti enn árangur okkar í rækjuíðnaðinum í Kanada. Við höfum verið leiðandi vélbúnaðarframleiðandi og hönnuðir í flestum stærri verkefnum sem unnin hafa verið í kanadískum rækjuíðnaði frá því að uppbygging hans hófst um 1998“, segir Jón Páll Hreinsson markaðsstjóri.

Allir tilbúnir að gera góðan bæ enn betri!

– sjá viðtal við Einar Pétursson, nýráðinn bæjarstjóra í Bolungarvík á bls. 4.



/SAMKAUP/

OPIÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21Laugardaga
kl. 10 - 21Sunnudaga
kl. 12 - 21Verið
velkomin!

/SAMKAUP/

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Skip og bíll

Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP

Flytjandi

www.eimskip.is • Sími 456 5460

www.flytjandi.is • Sími 456 5460



Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Bláðamaður:

Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is

Ritstjóri netútgáfu:

Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
hlynur@bb.is

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson

Fréttavefur: www.bb.is

Önnur útgáfa:

Á ferð um Vestfirði

Umboðsaðilar BB:

Eftirtaldir aðilar sjá um
dreifingu á blaðinu á þétt-
býlistöðum utan Ísa-
fjarðar: **Bolungarvík:**

Sólveig Sigurðardóttir,
Hlíðarstræti 3, sími 456
7305. **Súðavík:** Sólveig

Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími
456 4106. **Suðureyri:**

Deborah Anne Ólafsson,
Aðalgötu 20, sími 898
6328. **Flateyri:** Gunnhildur

Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi
12a, sími 456 7752. **Þingeyri:** Anna Signý

Magnúsdóttir, Hlíðargötu

14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:

Hamraborg, Hafnarstræti
7, sími 456 3166. **Flug-**

barinn, Ísafjarðarflugvelli,
sími 456 4772. **Bónus,**

Ljóninu, Skeiði, sími 456
3230. **Bókhlaðan,** Hafn-

arstræti 2, sími 456 3123. **Bensinstöðin,** Hafnarstræti,

sími 456 3574. **Samkaup,**
Hafnarstræti 9-13, sími 456

5460. **Krílið,** Sindragata 6,
sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250
eintakið m.vsk. Áskriftarverð
er kr. 215 eintakið. Veittur
er afsláttur til elli- og
örorkulífeyrisþega. Einnig
sé greitt með greiðslukorti.

Rammi hinnar nýju kjördæmaskipunar er þegar sprunginn

Þingmenn Norðvesturkjördæmis einum fleiri en ætlast var til

Suðvesturkjördæmi er fjölmennast allra kjördæma og Norðvesturkjördæmi fámennast, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands. Rúmlega 48 þúsund manns eru í Suðvesturkjördæmi og 11 þingmenn en tæplega 22 þúsund manns eru í Norðvesturkjördæmi og 10 þingmenn. Samkvæmt því eru liðlega helmingi færri kjósendur á

bak við hvert þingsæti í Norðvesturkjördæmi en í Suðvesturkjördæmi. Ramminn sem settur var við samþykkt breyttar kjördæmaskipunar er því sprunginn. Munurinn má ekki vera meiri en tvöfaldur. Frá þessu var greint í Fréttablaðinu á föstudag.

Við breytinguna á kjördæmaskipan var munurinn mestur 1 á móti 1,85 en ekki

var talið útilokað að þessi staða gæti komið upp, jafnvel áður en kosið yrði samkvæmt nýrri kjördæmaskipan. Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar eru líkur á að eitt kjördæmissæti verði fært frá Norðvesturkjördæmi til Suðvesturkjördæmis. Þingmenn Norðvesturkjördæmis yrðu þá nfu en Suðvesturkjördæmis tólf.

Þetta getur þó ekki gerst fyrr en að loknum kosningum í vor. Þingmannafjöldinn verður óbreyttur kjörtímabilið 2003 til 2007, þannig að Norðvesturkjördæmi mun hafa sína tíu þingmenn næstu fjögur ár.

Í kosningalögunum segir að landskjörstjórn skuli eftir hverjar alþingiskosningar reikna út fjölda kjósenda að

baki hverju þingsæti. Sé munurinn tvöfaldur milli þess stærsta og þess minnsta getur landskjörstjórn breytt fjölda kjördæmissæta í kjördæmum. Þessi heimild landskjörstjórnar nær þó aðeins til þeirra kjördæmissæta sem eru umfram stjórnarskrárbundið lágmark, sem er sex kjördæmissæti í hverju kjördæmi, samkvæmt frétt í Fréttablaðinu.



Guðbjörg Rós með nýfædda dóttur sína.

Fyrsta barnið á fæðingardeildinni á Ísafirði í ár

Þriðja barn foreldra sinna

Fyrsta barn ársins á fæðingardeildinni á Ísafirði kom í heiminn 20 mínútur yfir eitt aðfaranótt mánudags. Stúlkan er þriðja barn þeirra Guðbjargar Rósar Sigurðardóttur og Hannesar Hrafnar Haraldssonar, sem

búsett eru á Ísafirði. Fyrir eiga þau tvo stráka, Sigurð Arnar, þriggja ára, og Harald Jóhann, sex ára. Að sögn móðurinnar gekk fæðingin ljómandi vel og vó stúlkan þegar hún kom í heiminn tæpar 14 merkur og mældist 52 cm á

lengd. Munu þegar vera komnar upp ýmsar hugmyndir um það í hvorn ættlegginn stúlkan sækir útlit sitt en Guðbjörg Rós segir hana bara líkjast bræðrum sínum. Hún segir ekki vera búð að finna nafn á stúlkuna.



Öldungadeild – Meistaránám Mí

Húsasmiðir, málara, pípulagningamenn.

Áfangarnir:

- Útboð, tilboð og verksamningar.
- Tilboðsgerð byggingamanna.

verða kenndir á vorönn sem hluti af fagnámi meistara í bygginga- og trúðngreinum.

Hægt er að skrá sig í síma 450 4400.

Skólameistari.

Skíðavikan 2003

Flogið verði alla daga

Bæjarstjórnin í Ísafjarðarbæ hefur óskað eftir því við Flugmálastjórn, að starfsmenn hennar á Ísafjarðarflugvelli verði til staðar á föstudaginn langa og páska-

geti haldið uppi áætlunarflugi alla daga Skíðaviku. Tvönnu síðustu páska hefur ekki verið hægt að fljúga til Ísafjarðar þessa daga enda þótt flogið hafi verið til annarra helstu staða á landinu.

RIITSTJÓRNARGREIN

Nú verða hendur að standa fram úr ermum

Af reynslu liðinna ára ætti Vestfirðingum að vera orðið ljóst við upphaf þriðja árs nýrrar aldar, að fyrst og síðast verða þeir að stóla á eigið ágæti til að hefja Vestfirði á ný til þeirrar virðingar, sem sfúar fjórðungsins nutu á árum áður fyrir hlutdeild sína í þjóðarbúskapnum.

Bæjarins besta fagnaði því þegar heimamenn tóku af skarið og gerðu sína eigin byggðaaætlun, þegar framsýni stjórnvalda var ekki meiri en svo að slá því föstu að hér haldi byggð áfram að hnigna. Enda Vestfirðir utan sjónarhorns stjórnvalda svo sem „hringvegurinn“ um hluta landsins ber órækt vitni.

Engum blöðum er um það að fletta, að horft er til Vestfjarða á mörgum sviðum. Óvíða eru meiri sóknarfæri í ferðaþjónustu, fegurð Vestfjarða er rómuð um víða veröld. Öðrum landshlutum fremur hefur hér þróast samfélag fólks af ólíkum uppruna; menning stendur á gömlum merg og við getum vissulega státað okkur af göðu og vaxandi skólakerfi og heilbrigðisþjónustu til jafns við bæjarfélög af líkri stærð.

Áratugum saman máttu vestfirskar byggðir horfa á eftir sonum sínum og dætrum til náms í öðrum landshlutum eftir að grunnskólanámi lauk. Fæstir

komu aftur. Þrátt fyrir breyttar aðstæður, m.a. til aukinnar menntunar, blasir hið sama við: Okkur helst ekki á unga fólkinu.

Fólksfjölgun á Vestfjörðum er lífsnauðsyn. Enginn vafi er á því að fjöldi ungs fólks er tilbúinn til að setjast hér að ef því býðst vinna og kjör á móta og bjóðast í stærri sveitarfélögum. Það veit að hér er gott að búa og hér er gott að ala upp börn. En þetta nægir ekki þegar atvinnuna vantar. Fjölbreytt og vel launuð atvinna er forsenda fólksfjölgunar. Takist okkur að stækka þessa undirstöðu bæjarfélagsins fylgir hitt sjálfkrafa í kjölfarið.

Bæjaryfirvöld eiga almennt ekki að vafrast í atvinnurekstri, allra síst þegar vel árar og eftirspurn er eftir vinnuafli. Þegar hins vegar horfir sem nú gerir eiga þau skilyrðislaust að láta til sína taka. Því er mál til komið að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar bretti upp ermarnar, stuðli að stofnun nýrra fyrirtækja og vinni markvisst að því að fá fyrirtæki til bæjarins. Í bænum eru hundruð fermetra af atvinnuhúsnæði sem bíða þess að þar verði á ný iðandi mannlíf þar sem hugur og hönd leggja lóð á vogarskálarnar fyrir stærri og betri bæ.

Ábyrgð bæjaryfirvalda er ætíð mikil. En þá fyrst reynir á áraði, dugnað og framsýni þeirra, þegar á móti blæs. Bæjarstjórninni ber skylda til að ganga fram fyrir skjöldu og vera í fylkingarþjóni í baráttu okkar til að hefja höfuðstað Vestfjarða á ný til þess vegs, sem hann áður naut og honum ber. Það er ekki eftir neinu að bíða!

s.h.

bb.is

púlsinn fyrir vestan

Sjö af níu starfsmönnum eru konur

Hjá systurfyrirtækjunum Fiskverkun E.G. og útgerðarfélaginu Hlunnum á Flateyri, sem starfrækja beitningaskúr, línuútgerð og harðfiskverkun, eru 7 af 9 starfsmönnum konur. Þær beita, fara á sjóinn, verka fisk og ganga í hvað eina sem til fellur. Einu karlmennirnir hjá fyrirtækjunum eru Birkir Einarsson skipstjóri á bátnum Blossa ÍS og framkvæmdastjórinn Einar Guðbjartsson sem unir hag sínum vel. Hann segir þetta bara hafa atvikast svona að mikill meirihluti starfsfólksins skuli vera konur.

Einar á og rekur fiskverkunina í félagi við Guðrúnu Pálsdóttur eiginkonu sína en útgerðina reka þau í félagi við son sinn, skipstjórann Birk. Segjast þau mjög sátt við kynjahlutfallið en fyrst og fremst ánægð með að hafa á að skipa svo öflugu starfsfólki.

Kristín Ágústsdóttir beitir og segir enga sérstaka kvemnameningu vera ríkjandi í skúrnum. Það sé þó mjög fínt að vinna með eintómu kvenfólki og andinn góður. Aðspurð segist hún ekki kannast við að kvenfólkið sé betri starfskraftur en karlpeningurinn. „Það eru eintómir karlar hérna í næsta skúr og þeir eru þræl-



Kristín Ágústsdóttir (nær) og Margrét Kristjánsdóttir (fjær) slá ekki slöku við í beitningarskúrnum á Flateyri. Með þeim er Ingibjörg Heba Halldórsdóttir sem beitir með þeim þó að hún hafi ekki verið að vinna þegar myndin var tekin.

duglegir. Það er kannski heldur minna kæruleysi í kvenfólkinu. Annars er það liðin tíð í beitningunni að menn séu að mæta bara einhvern tíma og einhvern tíma. Þetta er bara vinna og fólk tekur það alvarlega“, segir hún.

Allmargir beitningarskúrar

eru á Flateyri og stendur skúr þeirra EG-manna (kvenna) hjá tveimur öðrum. Kristín segir að það sé nokkur samgangur á milli skúra og beitningarmennirnir beri saman bækur sínar í pásam. Aftur segir hún enga samkeppni eða meting á milli skúra. „Nei, ekkert svo-

leiðis. Þetta fer allt fram í friði og spekt. Annars er það liðin tíð að það séu einhverjir heilmiklir kaffitímar og kjaftangangur“, segir Kristín. Hún segir þó að ekki verði hjá því komist, að þar sem beitningarskúrar eru annars vegar fari sögur á kreik, margir líti inn

og ýmislegt fljúgi um þjóðmálin og náungann. „Já, menn koma og spjalla. Annars held ég að það sé miklu meira hjá köllunum. Þeir eru miklu meiri kjaftakerlingar“, segir hún.

Kristín unir hag sínum vel í beitningunni og segir mjög

gott að vinna hjá Fiskverkun E.G. Hún kveðst hafa skroppið á grásleppu með Einari en öðru leyti hafi hún ekki í hyggju að leggja fyrir sig sjósókn. „Ég var einu sinni kokkur á stóra Gylli í gamla daga en ég held að ég sé of sjóveik fyrir þessa litlu koppa“, segir hún.



Sæmundur Kr. Þorvaldsson.

Ísafjarðarbær Sæmundur Kr. leysir Bryndísi af

Sæmundur Kr. Þorvaldsson framkvæmdastjóri í Dýrafirði mun gegna starfi aðalfulltrúa Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar fram í miðjan maí.

Á fundi bæjarstjórnar í síðustu viku var lagt fram bréf frá Bryndísi G. Friðgeirsdóttur bæjarfulltrúa, þar sem hún óskaði tímabundinnar lausnar vegna anna. Við síðustu kosningar fékk Samfylkingin tvo bæjarfulltrúa kjörna en Sæmundur sem skipaði þriðja sætið á lista flokksins er fyrsti varamaður. Hann var aðalmaður í bæjarstjórn á liðnu kjörtímabili og hefur mikla reynslu af bæjarmálum.

Lausasöluverð Bæjarins besta hækkar úr 200 í 250 krónur

Verð blaðsins hefur verið óbreytt í fimm og hálft ár

– mikið vantar á að verð blaðsins fylgi kostnaðarhækkunum og almennum verðhækkunum

Verð Bæjarins besta hefur nú verið hækkað í annað sinn frá því að farið var að selja blaðið árið 1990 eða fyrir þrettán árum. Á miðju ári 1997 var lausasöluverðið hækkað úr 170 krónum í 200 krónur. Það verð hefur verið óbreytt í fimm og hálft ár en fer nú í 250 krónur.

Því fer fjarri að þessar tvær hækkanir fylgi almennum verðhækkunum og gríðarlegum hækkunum á pappír og öðrum aðföngum til vinnslu blaðsins á þessu tímabili. Þannig hefur launavísitala hækkað rétt um 100% frá 1990. Síðan var virðisaukaskattur lagður á söluverð blaða en áður voru þau undanþegin honum. Útsöluverð Bæjarins besta var ekki hækkað við tilkomu virðisaukaskattsins. Póstburðargjöld hafa einnig hækkað gríðarlega á

þessu tímabili. Söluverð blaðsins hefur ekki verið hækkað í takt við þær heldur hefur blaðið sjálft tekið þær hækkunarir á sig.

Hækkun lausasöluverðsins úr 200 í 250 krónur er 25%. Hefði verið tekið mið af launavísitölu frá síðustu verðhækkun árið 1997 hefði lausasöluverðið átt að hækka núna um 69% eða í 338 krónur. Ef tekið er mið af hækkun launavísitölu og tilkomu virðisaukaskatts frá því að byrjað var að selja blaðið árið 1990 ætti lausasöluverðið að vera 382 krónur. Ef hækkun póstburðargjalda væri tekin með í reikninginn ætti verðið að vera nokkuð á fimmta hundr- að krónur.

Jafnframt því sem lausasöluverð blaðsins er hækkað er óhjákvæmilegt að hækka einnig áskriftarverð. Eins og áður er veittur afsláttur ef

greitt er með gíróseðli og nokkru meiri afsláttur ef greitt er með greiðslukorti. Einnig er elli- og örorkulífeyrisþegum í áskrift veittur verulegur aukaafsláttur eins og verið hefur.

Póstburðargjald fyrir Bæjarins besta var 4 krónur árið 1990. Fyrir síðustu áramót var gjaldið 24 krónur fyrir eintakið innan Vestfjarða og 34 krónur utan Vestfjarða. Gjaldið hjá Íslandsþósti hækkaði núna um áramótin og varð þá jafnframt hið sama hvort sem er innan Vestfjarða eða utan fjórðungsins. Gjaldið fer síðan stíghækkandi allt þetta ár þangað til það verður komið í 50 krónur á eintak í árslok. Það er vel yfir tífalt meiri hækkun en sem nemur hækkanir launavísitölu sl. 13 ár.

Flest héraðsfréttablöð landsins kosta nú 250 krónur í lausasölu og hafa sum gert

það lengi, jafnvel þótt þau séu mörg hver smærri í sniðum, efnisminni og veigaminni en Bæjarins besta.

Núna eftir áramótin voru þrjú ár liðin frá því að fréttavefurinn bb.is hóf göngu sína. Aðgangur að honum kostar ekki neitt og aðgangur að öllu efni hans frá upphafi er einnig ókeypis. Rekstur bb.is hefur aldrei staðið undir sér peningalega enda var ekki við því búist í upphafi. Þegar vefurinn hóf göngu sína var það ekki síst til gamans gert. Aðstandendur hans og Bæjarins besta gerðu sér enga grein fyrir því hversu mjög vefurinn myndi vaxa og eflast. Tilvist hans hefur valdið því að eitthvað hefur dregið úr sölu Bæjarins besta. Hins vegar er góð sala á blaðinu ein af forsendum þess að hægt sé að halda vefnum úti. Undirtektir þeirra sem lesa og nota bb.is hafa verið

með þeim hætti, að áfram hefur verið haldið á sömu braut.

Auglýsingatekjur bb.is eru ekki í neinu samræmi við hina geysimiklu notkun hans og ekki heldur í neinu samræmi við það sem gerist hjá öðrum stórum vefjum hérlandis. Lítilsháttar tekjur hafa öðru hverju fengist frá auglýsendum á landsvísu. Nánast einu tekjurnar hafa verið frá aðilum í heimabyggð sem hafa verið með fastar auglýsingar á forsiðu bb.is og tengingar í heimasíður sínar. Þessir aðilar eru og hafa verið undirstaðan. Það er þeim að þakka að bb.is er yfirleitt til í dag, að minnsta kosti í núverandi mynd.

Og án hinna fjölmörgu tryggu kaupenda Bæjarins besta væri hvorki blaðið né vefurinn til í dag.




Allir tilbúnir að gera góðan bæ enn betri

– segir Einar Pétursson, hinn nýi bæjarstjóri Bolvíkinga

Bolvíkingar hafa nú fengið nýjan bæjarstjóra en Ólafur Kristjánsson lét nýverið af störfum eftir að hafa setið við völd í sextán ár. Sá sem við hefur tekið er Einar Pétursson, þrjátíu og þriggja ára rekstrarfræðingur frá Bifröst. Einar er fæddur og uppalinn Bolvíkingur, sonur Péturs Guðna Einarssonar heitins og Helgu Aspelund, en hún starfar á bæjarskrifstofunni og er því

orðin samstarfsmaður sonarins.

Einar bjó í Bolungarvík þangað til hann var tvítugur að aldri. „Ég fór í Menntaskólan á Ísafirði og var þar í tvö ár. Þá tók ég mér frí frá skóla og vann í frystihúsinu í Bolungarvík og keyrði vörubíl þangað til ég ákvað að skella mér aftur í skóla. Ég kláraði stúdentspróf á Akureyri árið 1993 og flutti þá suður til



ÍSAFJARÐARBÆR

Framkvæmdastjóri

Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf.
óska eftir að ráða í nýja stöðu
framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri hefur umsjón með daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þessu hönd í þeim málum er varða helðbundinn rekstur. Hann hefur umsjón með stéigju, kaupum nýbygginga og viðhaldi eldri fasteigna í eigu félagsins, sem eru nú um 175 talsins, jafnframt því að skipuleggja innkaup, annast gerð kostnaðaræfana og eftirlit með kostnaði. Hann hefur einnig eftirlit með gæðum verkfræmenda, annast starfsmannahald auk annars þess er heyrir undir verknaði framkvæmdastjóra.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur séu með menntun á sviði rekstris og/ella tækni auk þess að hafa marktekið reynslu af stjórnun sem og rekstri. Þekking á verklegum framkvæmdum er nauðsynleg. Áhersla er lögð á frumkvæði, foglegan metnað, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum auk sveigjanleika í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar nk. Gengið verður frá ráðningu fljótlega. Vinsamlega othugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI og allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Guðný Harðardóttir, guðny@stra.is veitir náðari upplýsingar, en viðtalðir eru frá kl. 13-15. Vinsamlega sendið eigin starfsferilsskrár ásamt meðfylgjandi prófgögnum til stra@mri.is. Almenn umsóknareyðublað eru fylgiggjandi á heimasíðu www.stra.is

STRÁ MRI
WORLDWIDE

Súðlandsbrot 6, sími 588 3031 - fírfaxi 588 3044

Alþjóðlegt samstarf ráðningarmála

Reykjavíkur og hef búið þar síðan meira og minna. Reyndar hef ég nokkur sumur komið til Bolungarvíkur og keyrt vörubíl. Áður en ég hóf nám í Viðskiptaháskólanum á Bifröst starfaði ég hjá Landflutningum -Samskipum við aksturs- og flutningastjórnun. Ég kláraði rekstrarfræði síðastliðið vor og hafði ætlað mér að halda áfram og ljúka viðskiptafræði nú í vor. Þegar ég síðan sótti um og fékk bæjarstjórnastöðuna ákvað ég að taka það sem vantaði upp á í fjarnámi.

– En hvernig kom það til að þú sóttir um þessa stöðu? Gamall draumur?

„Já, það má eiginlega segja það. Mig dreymdi kannski ekki um þetta þegar ég var að alast hér upp en á seinni árum og í mínu námi velti ég því oft fyrir mér að þessi starfsvettvangur gæti hentað mér. Þegar ég hafði svo gert það upp við að ég vildi slíkan vettvang lá beint við að sækjast eftir einmitt þessari stöðu, því að hér þekki ég til staðhátta og kann best við mig.“

Ekki pólitískur bæjarstjóri

Einar segist eiga von á því að starfa sem framkvæmdastjóri sveitarfélagsins en ekki sem pólitískur bæjarstjóri.

„Já, ég á frekar von á því. Ég er ekki kjörinn bæjarfulltrúi og kem að þessu frekar sem framkvæmdastjóri. Ég er vissulega ráðinn af meirihlutunum en það var samt nokkuð góð sátt um mína ráðningu. Ég lít ekki á mig sem pólitískan bæjarstjóra og það er mín ósk að hlutverk mitt verði frekar að sameina krafta bæjarbúa til góðra verka. Ég vona og trúi því að menn eigi eftir að taka höndum saman og vinna sameiginlega að þeim málum sem koma upp. Ég veit að fyrir öllum bæjarfulltrúunum vakir það sama, að bæta bæinn og gera hér enn blómlegra samfélag. Vissulega geta menn kapað um það hvaða leiðir sé best að fara en á endanum er markmið allra það sama. Ég vona að sem mest sátt verði um þau mál sem upp koma til þess að skapa vinnufrið til góðra verka.“

Ólafur er hafsjór af fróðleik

Þegar þetta er ritað er Einar nýkominn og vart búinn að koma sér almennilega inn í starfið.

„Ég er rétt að byrja að setja mér inn í málin. Ég geri mér grein fyrir að fjöldi mála er mikill og geri því ráð fyrir að það taki mig nokkurn tíma að koma mér inn í starfið. Sem

betur fer hefur Ólafur Kristjánsson fráfarandi bæjarstjóri boðist til að vera mér innan handar og það munar um minna. Ólafur er hafsjór af fróðleik og reynslu sem gott er að geta sótt í.

Vissulega hef ég nú þegar mínar eigin hugmyndir um stjórnun sveitarfélagsins. Ég tel ekki tímabært að vera með yfirlýsingar um það sem ég vil gera, það sér fólk ef af því verður. Það er kjörinna fulltrúa að móta stefnu í helstu málaflokkum og mitt verk vinna að framkvæmd hennar og koma með tillögur að því hvernig skuli framfylgja þeirri stefnu.

Það er mikilvægt að fá sem flesta til þess að koma með sínar hugmyndir og svo er það okkar að vinna úr þeim. Það má til gamans geta að þegar skólafélagar mínir fréttu af því að ég tæki við þessu starfi, þá var eins og 40 ráðgjafar hefðu sprottið upp í kringum mig og margar hugmyndir settar fram.

Ég er á því að við eigum að nýta okkur unga fólkið til þess að ná í nýjar hugmyndir og það er til dæmis hægt með góðum tengslum við háskólana. Ég hef fullan hug á að nýta mér þau tengsl sem ég hef við Viðskiptaháskólann á Bifröst til þess að fá nemendur þar til að vinna verkefni tengd

málefnum Bolungarvíkur.“

Líst vel á vera kominn aftur

– Hvernig er fyrir gamlan Víkara að vera kominn aftur heim?

„Mér líst mjög vel á það og okkur hjónunum báðum. Við settum okkur það markmið fyrir mörgum árum að flytja út á land þegar hefðum lokið námi. Konan mín, Aníta Ólafsdóttir, er úr Hnífsdal, svo að höfum alist upp við svipaðar aðstæður. Við vildum gefa börnunum okkar kost á því að njóta svipaðs umhverfis og við ólúmsst upp við.“

– Hvernig er staða mála í Bolungarvík? Hver er þín tilfinning fyrir því?

„Ég held að staða mála sé að mörgu leyti góð. Undanfarin ár hafa orðið miklar breytingar í bænum og áföll dunið yfir. En Bolvíkingar eru harðgert fólk og það hefur tekið vel að vinna vel úr vanda-málunum. Nú held ég að það sé kominn ákveðinn stöðugleiki í atvinnulíf, meðal annars í smábátaútgerð, en meiri fjölbreytni er þörf eins og annars staðar á landsbyggðinni. Ég er viss um að nú séu allir tilbúnir að fara að sækja verulega fram og gera góðan bæ ennþá betri.“

Málum fjölgar um- talsvert ár frá ári

Fluttum málum fyrir Hér-
aðsdómi Vestfjarða á nýliðnu
ári fjölgaði um 20% frá árinu
á undan sem þó var metár í
sögu dómstólsins. Alls voru
flutt 748 mál fyrir dómnum á
árinu 2002. Þar af eru einka-
mál flest eða 346 en þeim
fjölgaði um 29% á milli ára.
Opinber mál höfðu af lög-
reglustjóra voru 270 og hélst
fjöldi þeirra nær óbreyttur á
milli ára. Opinber mál höfðu
af ríkissaksóknara voru 10.

Kröfur um gjaldþrotaskipti á
hendur einstaklingum voru 39
en það er 70% fjölgun á milli
ára. Kröfur um gjaldþrota-
skipti á hendur lögaðilum
voru 27 eða um tvöfalt fleiri
en árið áður.

Fjöldi mála í öðrum mála-
floknum fyrir Héraðsdómi
Vestfjarða var mun minni. Þó
má geta þess að dómnum barst
21 erindi frá lögreglustjórum
um aðgerðir eða heimildir til
aðgerða á rannsóknarstigi,



Héraðsdómur Vestfjarða hefur nú nýja og góða aðstöðu í Neista á Ísafirði.

sem er um 50% aukning milli
ára. Þar á meðal eru skýrslu-
tökur á rannsóknarstigi af 8
meintum brotaþolum og þar
af voru 7 framkvæmdar í
Barnahúsi.

Erlingur Sigtryggsson hér-

aðsdómari segist ekki kunna
neinar sérstakar skýringar á
þessari fjölgun en hún sé í
samræmi við þróunina annars
staðar á landinu. Bendir hann
á að einna mesta aukningin
sé í gjaldþrotamálum og síðan

í skriflegum einkamálum þar
sem einna mest er fengist við
fjákröfur. Erlingur segir Hér-
aðsdóm Vestfjarða vel í stakk
búinn til að takast á við aukinn
málafjölda í ljósi mannafla og
bættar aðstöðu.

Smábátasjómenn á norðanverðum Vestfjörðum

Ósáttir við skyndilokun á mjög stóru veiðisvæði

Smábátasjómenn á norðan-
verðum Vestfjörðum eru mjög
ósáttir við bann við línuveið-
um úti af Sauðanesi sem tók
gildi á fimmtudag í síðustu
viku og stendur í fjórtán daga.
Gagnrýni þeirra beinist helst
að stærð þess svæðis sem lok-
að er en lokunin takmarkar
verulega veiðisvæði línusjó-

manna. Einnig telja sjómenn
að svo íþyngjandi ákvörðun
sé ekki byggð á nægilegum
mælingum. Umrætt svæði
nær 16 mílur út frá Deild og
19 mílur út frá Barða.

„Þetta svæði sem nú er lok-
að er stærra en ég þekki til á
síðustu 25 til 30 árum“, segir
Guðbjartur Ásgeirsson, skip-

stjóri á Guðbjörgu ÍS-46. „Það
er svo sem ekkert hægt að
segja við því að svæði sé lok-
að. Það er hins vegar stærðin
á þessu sem við gerum at-
hugasemdir við.“ Sjómenn
telja einnig varasamt að stefna
smábátum langt á haf út á
þessum árstíma. Jafnframt
bjóði þetta upp á hættu á brott-

kasti.

Hafrannsóknastofnunin
beitir þeim viðmiðunarmörk-
um við skyndilokanir vegna
smáþorsks að 25% af fiskin-
um séu undir 55 cm. Skyndi-
lokun þessi byggir á þremur
mælingum Fiskistofu þar sem
35%, 43% og 45% aflans
reyndist undir 55 cm.

Smábátasjómenn á svæð-
inu gagnrýna að lokanir séu
einungis byggðar á lengdar-
mælingu en taki ekki tillit til

aldurs fiskisins. Vísa menn
gjarnan máli sínu til stuðnings
í sögu Þratar Bjarnasonar
sjómanns frá Hrísey sem fékk
aflétt banni við línuveiðum á
Fljótagrunni. Hann lét aldurs-
greina smáþorsk á svæðinu
og kom í ljós að fiskar sem
voru 46 og 49 cm á lengd
voru fimm ára gamlir og 52
cm fiskar voru sjö ára gamlir.
Fiskistofa staðfesti síðan nið-
urstöðu Þratar í sínum mæl-
ingum og var lokuninni aflétt.

Það borgar sig að vera áskrifandi!


Kennarar við Grunnskólann á Ísafirði

Heldur færri með kennsluréttindi

Staðan í kennaramálum í
grunnskólum Ísafjarðarbæjar
er allgóð og almennt hefur
gengið vel að manna uppeld-
isstofnanir í sveitarfélaginu,
að sögn Ingibjargar Maríu
Guðmundsdóttur, forstöðu-
manns Skóla- og fjölskyldu-
skrifstofu Ísafjarðarbæjar.

„Við höfum verið að hækka
hlutfall réttindafólks undan-
farin ár en það kom smávegis
bakslag í Grunnskólanum á
Ísafirði í haust“, segir Ingibjörg.
Þá fór hlutfall kennslu-
stunda sem sinnt er af fólki
með kennsluréttindi úr 83% í
74,5%. Ingibjörg segir að
skýringuna á því megi vafa-
laust rekja til nýrra kjarasam-
ninga.

Samkvæmt þeim var sveit-
arfélaginum gert ókleift að
veita starfskjör umfram heim-
ildir samninga eins og tíðkast
hafði lengi víða á landsbyggð-
inni. „Þannig varð nokkur til-
flutningur frá Ísafirði til
Reykjavíkur þar sem kjörin
voru orðin þau sömu“, segir



Grunnskólinn á Ísafirði.

Ingibjörg María.

Hlutfall réttindafólks í öð-
rum grunnskólum í Ísafjarðar-
bæ er nokkru lægra en í
Grunnskólanum á Ísafirði.

„Ástandið er sémilegt en
ég hef séð herra hlutfall rétt-
indafólks hjá mér. Ekki það
að oft höfum við verið með

ágæta leiðbeinendur. Til þess
að ná sem bestum árangri í
skólastarfi er hins vegar
mikilvægt að kennarastöður
skólanna séu skipaðar rétt-
indafólki og að stöðuleiki sé í
starfsmannahaldi. Kröfur á
kennara hafa stóraukist seinni
ár og það gleymist oft í um-

ræðunni þegar rætt er um
hækkuð laun þeirra. Skólarnir
verða að vera eftirsóttir vinnu-
staðir hvar sem er á landinu
og þá ekki síst vegna góðra
launa“, segir Magnús Jóns-
son, skólastjóri Grunnskólans
á Suðureyri.

Eins og áður sagði er hlut-

fall kennslustunda sem er
sinnt af fólki með kennslu-
réttindi 74,5% á Ísafirði. Hlut-
fallið er 52% á Flateyri og
55% á Suðureyri. Á Þingeyri
er 75% bóklegrar kennslu
sinnt af réttindafólki en 50%
af verklegri kennslu.



Leikstjóri ráðinn

Hefð er fyrir því að
nemendur MÍ setji upp
veglega leiksýningu á
Sólríshátíð. Leikfélag
skólans hefur nú ráðið
Þröst Guðbjartsson
leikara til að stjórna
uppfærslu á komandi
Sólrísu en hann hefur
leikstýrt víða um land.
Nú síðast stjórnaði hann
leikritinu Gísl eftir Brend-
an Behan á Höfn í
Hornafirði en það verk
var fært upp á Sólrísu
MÍ á nýliðnu ári. Þröstur
var væntanlegur vestur í
þessari viku. Ekki hefur
enn verið ákveðið hvaða
leikrit verður fært upp.
Áætlað er að frumsýn-
ing verði 2. mars.

Beið hjálpar í klukkutíma

Maður slapp ómeiddur
þegar bíll hans rann til í
hálfu við brúna yfir Hey-
dalsá í Mjóafirði í Djúpi í
síðustu viku. Bíllinn
skorðaðist á brúnni og
sat þar fastur. Um
klukkutími leið þangað til
annan vegfaranda bar
að en fyrr gat maðurinn
ekki látið vita af óhapp-
inu. Mikil hálka var á
vegum á þessum slóð-
um. Bíllinn reyndist tals-
vert skemmdur og ekki
ökufær.

Kristján kepp- ir í Slóveníu

Ólympíuhátíð æskunnar
fer fram í Bled í Slóven-
íu í lok janúar og hefur
Skíðasamband Íslands
tilnefnt tólf ungmenni til
þátttöku fyrir Íslands
hönd. Eini fulltrúi Skíða-
félags Ísfirðinga í þeim
hópi er göngukappinn
Kristján Óskar Ásvalds-
son í Tröð í Önundar-
firði. Alls hafa verið
valdir átta þátttakendur í
alpagreinum og fjórir í
göngu. Kristján mun
keppa tvisvar á hátíð-
inni, fyrst 27. janúar í 10
km göngu með frjálsri
aðferð og síðan daginn
eftir í 7,5 km göngu
með hefðbundinni að-
ferð. Snjóleysi hefur háð
Kristjáni illilega við undir-
búning fyrir mótið en
svipað má væntanlega
segja um fleiri af
Íslensku keppendum.

Joe Cocker hefur lengi verið minn maður!



Nafn: Magnús Hávarðarson.

Fædd/-ur, hvar og hvenær: Í Bolungarvík 5.11.1962.

Atvinna: Rek tölvu- og ráðgjafarfyrtækið Netheima ehf., á Ísafirði í félagi við vin minn og frænda Larus G. Valdimarsson.

Fjölskylda: Konan mín er Guðný Sóley Kristinsdóttir, förlunar- og snyrtifræðingur. Við eigum einn strák, Magnús Orra Magnússon, 4 ára.

Helstu áhugamál: Tölvu- og upplýsingatækni hefur verið mitt aðal áhugamál á undanföllum árum, en fast þar á eftir eru gítarleikarinn og veiðimaðurinn.

Bífreið: Mitsubishi Pajero Sport.

Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Ég vildi helst geta verið án bíls – og ef til vill fer sú stund að renna upp.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Ég man það nú ekki svo glögg. Gítarleikarinn var mér ofarlega í huga og einnig skipstjórnin.

Uppáhalds matur? Hann fer eftir árstímum. Eftir allar jólasteikurnar er jólamatur ekki í upphaldi hjá mér núna, en hins vegar hlakka ég til Þorrans. Þegar vorar fer mann að langa í grillmat o.s.frv.

Verstj matur sem þú hefur smakkað? Það er nú það. Ég held ég hafi aldrei smakkað það vandan mat að ég geti notað svo afgerandi lýsingarorð um hann.

Uppáhalds drykkur? Ef við eigum að leggja mat á drykk út frá innbirtu magni, þá er það kaffi. Vatnið er nú líka alltaf gott.

Uppáhalds tónlist? Þessi er erfið vegna þess að ég er alæta á tónlist. Joe Cocker hefur lengi verið minn maður og Lynard Skynard var frábær hljómsveit sem hafði mikil áhrif á mig. Við eignumst aldrei annan Freddie Mercury, svo eru það Stones og Lennon. Í dag eru það Mugison og Norah Jones sem heilla.

Uppáhalds íþróttamaður eða félag? Held með öllum sem spila í gömlu Arsenal búningunum. Það voru nefnilega búningarnir sem við þúkarnir í UMFB lékum í sællar minningar.

Uppáhalds sjónvarpsefni? Síðan ég fór að sjá Skjá einn, þá er Silfur Egils í upphaldi. Það er einstaklega frískandi að sjá og heyra fleiri tjá sig um pólitík en Þorgerði Katrínu og hennar líka, en svo virðist sem það lið sé orðið hluti af föstum dagskrárliðum í RÚV og Stöð 2.

Uppáhalds vefsíðan? Oftast fer ég inn á bb.is, en síðan eru það fullt af tæknitengdum síðum sem heilla mig. Oft er líka vefurinn sem ég er að vinna í hverju sinni í upphaldi.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Ég horfi mjög mikið á barnamyndir með stráknum mínum og margar af þeim eru meðal bestu mynda sem ég hef séð. Ég vil nefna Toy Story, Tarzan og Shrek.

Fallegasti staður hérlendis? Vatnasvæði Laxár í Mývatnssveit.

Fallegasti staður erlendis? Smábær í Maine sem við konan heimsóttum fyrir löngu síðan.

Ertu hjátruarfull(ur)? Já, alveg örugglega. Ég segi stundum 7,9,13. Eins held ég að ég myndi ekki velja grásleppuna ef varpa ætti hlutkesti.

Uppáhalds heimilistækni? Sjónvarpið.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Það er að vera við veiðar með flugustöng við ársprænu.

Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Klíkur, mafiur og aðrar hringamyndanir og það þegar hagsmunum fólksins er skipt út fyrir flokkspólitík og eiginhagsmuni. Eins fer hugmyndafræðilegt gjaldprot ákveðinna einstaklinga, sem þó hafa sig mikið í frammi, afskaplega í taugarnar á mér.

Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Mínar bestu stundir eru þegar ég get verið með fjölskyldunni og við höfum það notalegt saman.

Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Já.

Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Það neyðarlegasta sem ég hef lent í er að þrúfa að horfa upp á sorglegar og siendurteknar tilraunir ákveðinna afla við að sannfæra fólk um eitthvað sem á sér ekki stoð í raunveruleikanum.

Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Á Ísafirði vantar leiguhúsnæði og dagvistun í leikskólum. Þar myndi ég beita mér fyrst, því öðruvísi getum við ekki tekið á móti nýjum íbúum sem flestir sækjast eftir búsetu á Ísafirði.

Lífsmottó? Heiðarleiki og hreinskilni.

SÆLKERAR VIKUNNAR



ERU EMMA RAFNSDÓTTIR OG PÁLL STURLAUGSSON Á ÍSAFIRÐI

Önd með ávaxtafyllingu (fyrir 4-5)

Nú þegar jólahátíðin er yfirstaðin er kominn tími til að leita í frystikystunni hvort þar sé ekki einhver veiðibráðin síðan í haust. Vísareikningurinn er kominn svo að maður heldur að sér höndum með innkaup. Við erum hér með uppskrift að appelsínuönd með ofnsteiktum kartöflum og vonum að ykkur líki hún. Og svo peruböku í eftirrétt. Verði ykkur að góðu!

- 2 endur
- salt, pipar
- timian
- 2 appelsínur
- 2 súr epli
- 1 lítill laukur
- 8 sneiðar beikon
- 3 dl portvín (eða vatn)

Sósa:

- 2 msk hveiti
- safi úr 1 appelsínu
- safi úr 1 sitrónu
- portvín
- salt, pipar

Nuddið hluta af kryddblöndunni innan í fuglana. Saxið ávextina smátt með berki og hýði ásamt lauk. Fyllið fuglana með ávöxtum og setjið afganginn í ofnskúffuna ásamt portvíni (eða vatni). Stráðið kryddi utan á fuglana, leggið beikon-sneiðarnar yfir bringurnar og setjið á rist yfir ofnskúffuna. Steikið í u.þ.b. 1 klst. og ausið öðru hverju úr ofnskúffunni. Takið beikonsneiðarnar af og steikið áfram í 20 mínútur. Veiðið fituna ofan af vökvanum í skúffunni og hellið soðinu í pott. Látið suðuna koma upp og jafnið með hveitinu sem hrært hefur verið með appelsínu- og sitrónusafa. Látið sjóða. Bragðbætið með portvíni og kryddi. Skreytið með appelsínusneiðum og steinselj.

Ofnsteiktar kartöflur

- 8-9 meðalstórar kartöflur
- 100 g smjör, brætt
- 1 tsk timian
- 1 tsk savory
- 1 tsk salt
- ½ tsk svartur pipar

Afhýðið kartöflurnar og skerið í þunnar sneiðar. Þerrið með eldhúspappír ef með þarf. Hitið ofninn í 225°C. Blandið saman smjöri og kryddi og veltið kartöflunum upp úr blöndunni. Leggið þær í eldfast mót og steikið í u.þ.b. 30 mín.



Kartöflurnar eiga að vera fallega brúnar og stökkar að utan en mjúkar að innan.

Perubaka

Deig:

- 250 g hveiti
- 125 g sykur
- 125 g smjör
- 3 eggjarauður
- 1-2 möndludropar
- 125 g malaðar möndlur

Fylling:

- 2-3 þroskaðar perur
- 1 msk sykur
- safi og rífið hýði af ½ appelsínu
- 2 msk Armagnac
- 1 eggjahvíta
- 1 msk perlusykur

Hnoðið deigið og geymið í kæli í 1 klst. Afhýðið perurnar, fjarlægjið kjarnana og skerið þær í fjóra báta. Setjið bátana í skál og stráið sykri, appelsínusafa, hýði og víni yfir. Látið standa í 30 mín.

Hitið ofninn í 190°C, fletjið út einn þriðja hluta deigsins með sama þvermáli og hringurinn sem baka skal í. Fletjið það sem eftir er af deiginu og klæðið hringmót að innan með því. Látið drjúpa vel af perunum og geymið safann. Raðið perubátunum í mótið með mjóa endann inn að miðju og leggið deiglokið yfir. Þrýstið deigbrúnunum vel saman. Bakið á neðstu rim í 35-40 mín. Takið bökkuna úr ofninum 5 mín áður en bökunartíminn er búinn, penslið hana með léttþeyttri eggjahvítu og stráið perlusykri yfir. Bakið áfram í 5 mín. Látið bökkuna kólna og takið hana úr mótinu. Berið fram með léttþeyttum rjóma. Verði ykkur að góðu!

Við skorum á Þórunni Pálsdóttur og Hermann Jón Halldórsson, Urðarvegi 80 á Ísafirði að koma með næstu uppskrift. Þau eru miklir matgæðingar og gaman að koma til þeirra í mat.

Kvikmyndin Þriðja nafnið frumsýnd

Íslenska kvikmyndin Þriðja nafnið eftir Einar Þór Gunnlaugsson var frumsýnd í Ísafjarðarbíói á fimmtudag í síðustu viku. Það er ekki á hverjum degi sem fullburða kvikmyndir eru frumsýndar utan Reykjavíkur og gerðu sýningargestir góðan róm að þessari nýjustu afurð íslenskrar kvikmynda-gerðar. Aðstandendur myndarinnar ráðast ekki á garðinn þar sem hann er lægstur og flagga mynd-

inni strax á eftir njósnara hennar hátignar 007 og öðrum hluta Hringadróttinssögu í Ísafjarðarbíói. Einar Þór segir að frumsýningin hafi heppnast vel og kvöldið verið mjög skemmtilegt. Segir hann engin tæknileg vandkvæði hafa komið upp og hljóð og mynd runnið vel í gegn. „Þetta var fyrst og fremst skemmtilegt, það er alltaf mikil stemning á frumsýningu og gaman að sjá alla sem komu að samfagna okkur“, segir Einar



Einar Þór Gunnlaugsson kvikmyndagerðarmaður og Eiríkur Finnur Greipsson ræðast við á frumsýningunni.

Þór. Myndin er væntanleg í borgarsvæðinu um næstu kvikmyndahús á höfuð- mánaðamót.



Tónlistarskóli Ísafjarðar.

Tónlistarskóli Ísafjarðar

Metaðsókn í söngnám kallar á nýbreytni

Áhugi á söngnámi hefur farið vaxandi á Ísafirði á síðustu árum og biðlisti fyrir slíkt nám er orðinn mjög langur. Nú er verið að endurskipuleggja söngnámið í Tónlistarskóla Ísafjarðar með það í huga að fleiri komist að.

„Margir hafa áhuga á að læra grundvallaratriði í raddbeitingu og söng án þess að ætla endilega að verða söngvarar“, segir Sigríður Ragnarsdóttir skólustjóri. Til að fækka nemendum á biðlista hefur verið stofnuð sérstök undirbún-

ingsdeild fyrir söngnemendur á grunnstigi en einnig verður boðið upp á unglingadeild. Kennsla þessi mun fara fram í hóptímum. Það er Ingunn Ósk Sturludóttir söngkona sem ber hitann og þungann af undirbúningi þessara nýju námsmöguleika.

Starfið í Tónlistarskóla Ísafjarðar er mjög öflugt um þessar mundir. Um 300 nemendur verða við nám á nýrri önn en skólinn rekur nú fjögur útibú. Eitt þeirra er í Súðavík þar sem Rúna Esradóttir er útibússtjóri, annað á Suðureyri undir stjórn Lech Szyzko,

hið þriðja á Flateyri þar sem Vadim Fjodorov leiðir starfseminu og fjórða útibúið er á Þingeyri þar sem Zbigniew Jaremkow er útibússtjóri.

Aðsókn að skólanum er almennt mjög góð. Mest er sótt í píanónám sem fyrr en fast á eftir kemur nám í gítarleik en þar hefur nú myndast biðlisti. Auk hinnar hefðbundnu kennslu í hljóðfæraleik fer fram umfangsmikil hópkennd á vegum skólans. Meðal annars heldur hann úti kórum, strengaveit og blásaradeild í samvinnu við Grunnskólann.

Atvinnuástand á Vestfjörðum fer heldur versnandi

Meira atvinnuleysi í þéttbýli á norðanverðum Vestfjörðum

Atvinnuástand á landinu hefur verið með erfiðara móti undanfarna mánuði og fréttir borist af fjöldaupp-sögnum hjá stórum fyrirtækjum. Hjá Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða voru í síðustu viku 95 atvinnuleitendur á skrá, þar af 87 atvinnulausir og á bótum.

„Það hefur verið hægfara aukning í atvinnuleysi á

okkar svæði en engir stórir skellir. Við erum samt sem áður einna lægst á landsvísu“, sagði Guðrún Stella Gissuradóttir, forstöðumaður Svæðisvinnumiðlunar Vestfjarða.

Færri störf munu vera í boði á svæðinu en verið hefur. „Undanfarnir ár hefur eftirspurn eftir vinnuafli verið meiri en framboð og þess vegna hafa atvinnurekendur

litið mikið til erlends vinnuafils en núna eru færri störf í boði“, segir Guðrún Stella.

Helst mun atvinnuleysi hafa verið að aukast á þéttbýlisstöðunum á norðanverðum Vestfjörðum. „Þetta er breyting því að áður var atvinnuleysið mest í jaðarbyggðum. Núna er atvinnuleysið þar sem fólk er flest“, segir Guðrún Stella.

Hundahreinsun á Ísafirði

Árlegur samkvæmisdagur hundanna

Árleg hundahreinsun í Ísafjarðarbæ fór fram í Áhaldahúsinu við Stakkanes á Ísafirði undir lok síðustu viku og voru allir skráðir hundar bæjarins boðaðir á staðinn. Sigríður I. Sigurjónsdóttir dýralæknir á Ísafirði sagði að hreinsunin hefði gengið vel og mætingin verið góð.

Vildi hún brýna fyrir hunda eigendum sem hafa þó ekki komið með hunda sína til hreinsunar að setja sig í samband við hana svo að hægt sé að gefa þeim ormalýf. Hreinsunardagurinn er eitt helsta samkvæmi hunda á Ísafirði og gat þar að líta mörg kunnugleg trýni. Tiger var mjög hress og sýndi villta takta þar sem hann snerist í kringum Sverri eiganda sinn. Nonni frá Hnífsdal var mættur og tók ormalýfinu af sínu alkunna jafnlyndi. Sama má segja um tíkina Týru enda var hún að koma í 10. skiptið og því öllu vön. Tíkin Gríma er gamalreynd kempa af Seljalandsveginum og beitti útsmognum brögðum til að komast hjá því að gleypa ormatöfluna.



Sverrir og Tiger fylgjast með öðrum hundum renna í hlaðið.



Sigríður dýralæknir og Brynhildur Halldórsdóttir taka Grímu fastatökum.

Fossavatnsgangan á Ísafirði

Kynnt á erlendum vettvangi

Göngunefnd Skíðafélags Ísfirðinga hefur látið útbúa kynningarbækling um hina árlegu Fossavatnsgöngu á ensku, þýsku, frönsku og norsku. Honum er ætlað að veita erlendu skíðafólki og skíðaáhugafólki helstu upplýsingar um þessa elstu almenningsgöngu á Íslandi, en fyrst var efnt til hennar árið 1935.

Þótt Fossavatnsgangan fyrsta laugardag í maí sé jafnan fjölmennasta skíðagöngumót hvers árs hér-

lendis, þá hafa menn lengi menn velt því fyrir sér hvort ekki mætti gera enn betur. Hefur þá verið horft til þess að fjölga bæði íslenskum og erlendum þátttakendum og gera gönguna að verulega stórum viðburði, ekki aðeins í bæjarlífinu hér vestra heldur í þjóðlífi landsmanna.

Með útgáfu og dreifingu þessa bæklings, sem prentaður er hjá H-prenti á Ísafirði, er kynningarstarf á erlendri grundu hafið. Hann er kynntur á stórra ferðakaupstefnu sem

hófst í Bern í Sviss í síðustu viku. Einnig verður honum komið á framfæri á ferðakaupstefnu í Býskalandi í lok mánaðarins. Þá verður honum dreift til aðila í ferðafjórðustu og skíðagönguforkólfa í Evrópu og Ameríku, meðal annars með aðstoð Skíðasambands Íslands sem hefur boðið til að veita Skíðafélagi Ísfirðinga liðsinni sitt við þetta kynningarverkefni.

Í bæklingnum er margvíslegur fróðleikur um Fossavatnsgönguna fyrr og nú. Sagt

er frá Kristjáni Rafni Guðmundssyni, sem sigraði tólf sinnum á sjöunda og áttunda áratug liðinnar aldar eða oftast en nokkur annar og er enn meðal tíu fyrstu á hverju ári. Þekktastur þeirra sem komið hafa við sögu Fossavatnsgöngunnar er þó Norðmaðurinn Pál Gunnar Mikkelsplass. Hann gekk árið 1985 en lenti í öðru sæti, einni sekúndu á eftir bróður sínum Eileif Mikkelsplass sem á besta tím-ann í Fossavatnsgöngunni fyrr og síðar.



Forsíða Fossavatnsgöngubæklingssins á norsku, ensku, þýsku og frönsku.

Erlendum ferðalöngum er sagt til vegar til Ísafjarðar allt frá því að þeir koma í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í Keflavík. Ísafirði sjálfmu eru gerð nokkur skil en gönguleiðinni er lýst með afar skilmerkilegum hætti ásamt því sem kort er af henni.

Á næstu vikum mun heimasíða Fossavatnsgöngunnar, sem fengið hefur hana „útlendingavænu“ slóð fossavatn.com, jafnframt taka nokkrum breytingum og vera gerð aðgengileg á ýmsum erlendum tungumálum.

Hæfileg blanda af sveigjanleika og festu

– rætt við Ólínu Þorvarðardóttur, skólameistara Menntaskólans á Ísafirði

Í ávarpi Ólínu Þorvarðardóttur, skólameistara Menntaskólans á Ísafirði, við brautskráningu nemenda 28. desember, vakti hún máls á jákvæðum teiknum sem eru að koma fram í innra starfi skólans og rekstri hans. Einna mestu tíðindin hljóta að teljast að brottfall nemenda úr skólanum hefur minnkað marktækt eða úr 17,4% í 5,9% á einu ári.

Annað sem eftirtekt vekur er að þetta var stærsta jólaútskrift Menntaskólans hingað til. Á meðan þessar jákvæðu fréttir berast af innra starfi skólans hefur rekstur hans batnað til muna, svo að athygli og viðurkenningu hefur vakið. En hverju þakkar skólameistari verulega miklu minna brottfall milli ára?

„Ég þakka það fyrst og fremst markvissum aðgerðum sem við gripum til í því skyni að auka viðveru og bæta námsárangur nemenda. Í haust breyttum við reglum um skólasókn og námsmat, þannig að ákvæði um skólasókn voru hert um leið og gefinn var kostur á því að umbuna nemendum fyrir góða ástundun með svokallaðri 95% reglu. Hún felur það í sér að ef nemandi er í eigin persónu viðstaddur í 95% af öllum kennslustundum áfanga og er auk þess með námseinkunn 8,0 eða þar yfir, þá á hann þess kost að sleppa við lokapróf í áfanganum.

Þetta kemur í framhaldi af aðgerðum sem við gripum til í fyrra og fólust í eflðri umsjón með nemendum og eftirfylgni við heimanám þeirra og mætingu. Við jukum verulega samskipti við foreldra, annars vegar með stofnun foreldrafélags og hins vegar með því að senda foreldrum ólöggráða nemenda hálfsmánaðarlega upplýsingar um fjarvistastöðu þeirra. Jafnframt breyttum við reglum um árekstraleyfi og utanskólanám.

Þessar aðgerðir virðast nú þegar hafa bætt ástundun og námsárangur fjölmargra nemenda í Menntaskólanum. Brottfall hefur minnkað um 67% á milli ára, sem er auðvitað afar gleðilegur árangur og mun meiri en við þorðum að vona.“

Bjartsýni, metnaður og tiltrú

– Áttu von á því að þetta sé varanlegur árangur?

„Það hlýt ég að vona. En það krefst auðvitað árvekni að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur, þannig að björninn er auðvitað ekki unninn

þó að þessi fyrstu skref lofi góðu. Það er ýmislegt í umhverfi skólans sem er hagstætt um þessar mundir. Innan veggja hans ríkir bjartsýni og metnaður. Út í frá verð ég vör við tiltrú á skólanum. Þetta tvennt skapar óskaskilyrði til góðra verka og árangurs í samræmi við það.“

– Hvernig er stjórnunarstíll þinn? Hefurðu t.d. beitt þér fyrir auknum aga í skólanum?

„Það vill nú þannig til að nemendur Menntaskólans á Ísafirði eru almennt séð afar kurteist og ábyrgt fólk sem ánægjulegt er að umgangast og starfa með. Það reynir því sem betur fer ekki mikið á agaviðurlög í skólanum. Ég dreg hins vegar enga dul á það að mér finnst mikils um vert að ungt fólk tileinki sér sjálfsaga og ábyrg vinnubrögð. Slíkan aga er ekki hægt að berja ofan í fólk – hann vex samhlíða eðlislægum áhuga og virðingu fyrir viðfangsefnum.

Faðir minn sagði alltaf að formlegt vald væri ágætt að hafa, en þá væri best með það farið þegar maður þyrfti ekki að beita því. Ég er sammála þessu. Ég ber virðingu fyrir nemendum skólans og foreldrum þeirra, og ég ætlast til þess að sú virðing sé endurgoldin skólanum og starfsfólki hans. Mér er raun að því að refsa fyrir agabrot og vil helst ekki þurfa að gera það. En ég viðurkenni fúslega að ég er hörd í horn að taka ef brot eru þess eðlis að þau kalla á viðurlög, til dæmis ef velferð annarra nemenda er í húfi. Þá hika ég ekki – og það vita nemendur.“

Vil að fólk njóti sannmælis og málsbóta

– Jón Baldvin Hannibals-son segir frá því í nýútkominni ævisögu sinni að hann hafi haft afar stífan aga í sinni skólameistaratíð, meðal annars lokað heimavist öll kvöld kl. 22 en leyft bioferðir einu sinni í viku til 23. Er stjórnunarstíll þinn að einhverju leyti afturhvarf til þeirra reglna er voru í gildi við upphaf skólans?

„Nei, – það er alveg fráleitt. Við Jón Baldvin erum afar ólíkar persónur að flestu leyti, með fullri virðingu fyrir okkur báðum. Skólinn sjálfur er auk þess mikið breyttur frá því sem var fyrir tuttugu og fjórum árum og viðhorf til menntunar og skólagöngu er allt annað en þá var. Ég vil vissulega vera föst fyrir á vissum sviðum án þess þó að vera óbilgjörm eða ósveigjanleg. Ég trúi ekki á hótanir og hörku – ansa slíku aldrei sjálf – en legg upp úr því að fólk njóti sannmælis og málsbóta. Sömuleiðis finnst mér sjálfsagt að taka tillit til ýmissa sjónarmiða þegar verið er að taka ákvarðanir og marka stefnu. Hins vegar eiga menn að standa við ákvarðanir sínar og ekki hringla með þær eftir að niðurstaða er fengin. Ætli það sé ekki minn stjórnunarstíll í hnotskurn – að sýna sveigjanleika á meðan hlutir eru í vinnslu, en standa fast á ígrunduðum ákvörðunum og leikreglum.“

– Hvernig hafa nemendur tekið breytingum á reglum um skólasókn og námsmat?

„Nemendur hafa tekið breytingunum vel – og foreldrar hafa tekið þeim fagnandi. Það kom þó upp ákveðinn misskilningur á haustönninni varðandi útfærslu á 95% reglunni sem ég nefndi hér að framan. Einhverjir nemendur stóðu í þeirri trú að heimilaðar fjarvistir á borð við veikindi og leyfi yrðu tekin til greina gagnvart þessari reglu. Slík forföll eru þó einungis tekin til greina ef hindra þarf að nemandi falli út úr skóla þegar mæting er komin að 80% mörkum. Þegar hins vegar kemur að því að meta hvort verðlauna eigi nemandan með því að láta hann komast hjá lokaprófi, þá gengur ekki að taka forföll með í reikninginn. Það er ekki réttur nemandans að komast hjá prófi, heldur er það umbun sem honum hlotnast með góðri ástundun og heppni. Það segir sig sjálft að ef nemandi er löglega forfall-



aður í 3-4 vikur á önn, til dæmis vegna langvarandi veikinda, þá hefur hann engar forsendur til þess að sleppa við próf.

Sjónarmiðið er einfaldlega þetta: Nemendur eru ekki látnir gjalda lögmættra fjarvasta þannig að þeir falli á mætingu – en þeir eru heldur ekki látnir njóta fjarvasta sinna þegar viðvera er metin inn í námsárangur. Meirihluti nemenda skilur þetta ágætlega – en það var ákveðinn hópur sem mis-skildi, og sá hópur var hávær um tíma. Það er hins vegar engin spurning að þessi regla hefur nú þegar sannað gildi sitt fyrir ástundun og námsárangur fjölda nemenda, og það er auðvitað mest um vert.“

Heimavistin hefur ótvíræða kosti

– Hvernig er reynslan af heimavist skólans? Því var

haldið fram til skamms tíma að hún væri úrelt fyrirbæri.

„Aðsókn að heimavistinni hefur aukist mikið frá því ég kom til starfa. Vorið 2001 voru 6 nemendur á heimavist, en skömmu eftir að ég tók til starfa, haustið 2001, urðu þeir 11, svo 23 á vorönn í fyrra og 20 nú í haust. Ég er ekki sammála því að heimavistir séu úrelt fyrirbæri, síst hér á Vestfjörðum þar sem samgöngur eru með þeim hætti sem við þekkjum – nema fólk haldi að það sé eftirsóknarvert að senda börnin sín suður til Reykjavíkur og láta þau búa þar eftirlitslaus í leighúsnæði eða inni á vinum og vanda-mönnum.

Heimavistir bjóða upp á ákveðið öryggi og eftirlit með nemendum. Þar eru starfrækt mótuneyti og nemendum gert að hlíta ákveðnum umgengnisreglum líft og heima hjá sér.

Auk þess er eiginlega ódýrara að hafa ungling á heimavist heldur en heima. Heimavistar-gjald í Menntaskólanum á Ísafirði er 16.000 krónur fyrir alla önnina en maturinn kostar um 900 krónur á dag og ekki þarf að borga akstur milli heimilis og skóla þegar nemandi er á heimavist. Þetta fyrirkomulag hefur því ýmsa ótvíræða kosti sem fólk mætti nýta sér betur en verið hefur.“

Ákvarðanir fjárveitingavaldsins vega þyngst

– Nú hefur fjárhagslegur rekstur skólans gengið vel en það er ekkert launungarmál að skólameistarar um allt land sjá þyngri róður í rekstri framhaldsskólanna. Hvernig hyggst þú þregðast við?

„Ég hyggst halda mínu

striki og starfa eftir framhalds-skólalögum. Ég mun jafnframt leitast við að halda uppi námsframboði sem svarar eftirspurn og þörfum hér á svæðinu. Stærstur hluti þess rekstrarvanda sem blasir við framhaldsskólunum stafar af ákvörðunum „að ofan“, – bindandi ákvörðunum sem ríkið hefur tekið en skólarnir hafa ekki haft neitt um að segja. Síðustu kjarasamningar eru dæmi um slíka ákvörðun en ég get einnig nefnt samninga við Fasteignir ríkisins um leigu og viðhald á húsbyggingum skólanna, þjónustusamninga um nýtt háhraðanet, nýtt bókasafnskerfi og fleira.

Samningar af þessu tagi, sem ríkið er að gera fyrir hönd skólanna, fela í sér milljóna útgjöld sem skólarnir verða að fá bætt í formi rekstrarfjár á fjárlögum. Maður hlýtur að gera kröfu til þess að ríkið standi við gerða samninga með því að tryggja það fjármagn sem fylgir ákvörðunum af þessu tagi.

Það sem skólameistararnir sjálfir geta hins vegar, og ég hef til dæmis gert, er að hagræða í rekstrinum, skerpa verklagsreglur, ábyrgð og áætlanagerð. Ég hef viljað halda uppi skynsamlegri stefnu gagnvart þeim þætti kjarasamningsins sem er á valdi skólameistara og lýtur að yfirvinnu og úthlutun sérverkefna. Meðal þess sem ég hef beitt mér fyrir á því sviði er að koma böndum á yfirvinnu við skólann. Það skiptir meginmáli í þessu að skipuleggja kennsluna þannig að það náist sem best nýting á kennsluáðstöðu og mannafla, með það markmið að svara eftirspurn eftir námsframboði í skynsamlegum mæli.

Allt þetta hefur verið að skila okkur árangri, en mér er engin launung á því, að vitanlega eru það ákvarðanir fjárveitingavaldsins sem hafa þyngstu áhrifin á rekstrarskil-yrði framhaldsskólanna. Það er auðvitað sárt, þegar náðst hefur að stórbæta rekstrarstöðu skólans og rétta af marga ára rekstrarhalla hans, að horfa fram á nýjan rekstrarvanda sem er beinlínis búinn til hjá fjárveitingavaldinu. En við megum ekki missa móðinn.“

Góður skóli og fer stöðugt batnandi

– Er Menntaskólinn á Ísafirði eftirsóknarverður vinnustaður fyrir nemendur og kennara?

„Hvort hann er – og fer batnandi. Nemendum er að

fjölga og þeir hafa aldrei verið fleiri en í vetur. Það gengur vel að manna lausar stöður og hlutfall réttindakennara hækkar stöðugt. Haustið 2001, þegar ég kom til starfa, voru 10 réttindakennarar við skólann af u.þ.b. 25 fastráðnum kennurum. Í dag eru þeir 16 og ef svo fer fram sem horfir verða þeir orðnir 20 næsta haust, því að í vetur eru 4 af kennurum skólans í fjarnámi til kennsluréttinda sem þeir verða líklega búnir að fá í sumar.“

– Hefur Menntaskólinn á Ísafirði beitt sér fyrir bættri stöðu fólks sem tilheyrir minnihlutahópum, svo sem vegna líkamlegrar fötlunar, erlends uppruna eða kynhneigðar?

„Menntaskólinn á Ísafirði er opinn og framsækinn skóli þar sem virðing er borin fyrir fólki af hvaða uppruna og úr hvaða umhverfi sem er. Við leggjum jafn mikla áherslu á bóknám og verknám, bjóðum til dæmis fram bæði starfsbraut og almenna braut, auk hinna hefðbundnu bók- og verknámsnámsbrauta.

Í ráði er að koma á fót sérstakri nýbúabraut til þess að svara þörf fyrir framhaldsmenntun ungra nýbúa á Vestfjörðum. Umsókn þar að lútandi hefur nú verið send ráðuneytinu, þaðan sem við biðum einnig svars við eldri umsókn um vegna ferðamála- og listnáms við skólann. Þessi áform verða vonandi orðin öll að veruleika næsta haust. Í sumar var gert átak í ferlimálum fatlaðra við skólann. Nú er loksins komin lyfta í húsið og búið að tryggja aðgengi fyrir hjólastóla að bæði bóknáms-húsi og heimavist. Þetta er allt til mikilla bóta og var auðvitað löngu orðið tímabært.“

– Hvar eru vaxtarmöguleikar Menntaskólans á Ísafirði?

„Þeir liggja fyrst og fremst í samfélagsgerðinni sjálfri hér á Vestfjörðum og því viðhorfi sem þar skapast gagnvart Menntaskólanum. Ef skólinn heldur áfram að halda uppi metnaðarfullu starfi, þá eru okkur allir vegir færir með þann mannauð sem við höfum í nemendum skólans og starfsfólki.“

– Hvernig skóli verður MÍ eftir fimm ár?

„Vonandi verður hann jafn framsækinn skóli og hann er nú og kominn í hóp eftirsóknarverðustu menntaskóla landsins – skóli sem stendur undir nafni sem helsta menntastofnun fjórðungsins og Vestfirðingar geta verið stoltir af.“

Áskrifendur athugið!

Enn eiga nokkrir áskrifendur BB eftir að gera skil á áskriftargjöldum vegna mánaðana júlí-ágúst 2002 og september-október 2002.

Vinsamlegast gerið skil hið fyrsta.

Útgefendur.



Það var föngulegur hópur íþróttafólks sem fékk viðurkenningar í hófinu í Bolungarvík.

Íþróttamaður ársins 2002 í Bolungarvík

Sveinbjörn Hrafn vann öll mót á landinu á liðnu ári

Kajakræðarinn Sveinbjörn Hrafn Kristjánsson var útnefndur íþróttamaður ársins 2002 í Bolungarvík í hófi sem haldið var í Víkurbæ á sunnudag. Sveinbjörn er vel að titlinum kominn en hann vann öll þau mót sem stóðu kajakræðurum á Íslandi til boða á síðasta ári. Meðal þeirra móta sem Sveinbjörn vann á liðnu ári var Hvammsvíkurmarapónið sem hann vann með yfirburðum annað árið í röð.

Sveinbjörn er aðeins 19 ára gamall og er í allra fremstu röð kajakræðara á landinu um þessar mundir. Það er Bolungarvíkurkaupstaður sem útnefnir íþróttamaður ársins í Bolungarvík og kom það í hlut Einars Péturssonar, bæjarstjóra, að afhenda Sveinbirmi veglegan bikar sem fylgir sæmdarheitinu íþróttamaður ársins.

Auk þess að útnefna íþróttamann ársins var 30 íþróttamönnum veitt viðurkenning fyrir ástundun, áhuga og góðan árangur í sínum íþróttagreinum.

Knattspyrnumenn úr 5. flokki drengja hjá UMFB fengu viðurkenningu fyrir að hafa orðið landsmótsmeistarar á Unglingalandsmóti UMFÍ í Stykkishólmi sl. sumar. Þeir eru:

Andri Rúnar Bjarnason, Bragi Helgason, Daniel Örn Antonsson, Davíð Örn Kristjánsson, Elías Jónsson, Guðbjörn Veigarsson, Hafsteinn Þór Jóhannsson, Paul Lúkas Smelt, Ragnar Högni Guðmundsson, Sigurður Páll Ólafsson, Vagn Margeir Smelt og Þorgeir Egilsson.

Þrjár stúlkur hlutu viðurkenningu fyrir að hafa verið í sameiginlegu liði HSB og HSV í knattspyrnu sem lenti í öðru sæti á Unglingalandsmóti UMFÍ sl. sumar. Þær eru Helga Guðrún Magnúsdóttir, Ingibjörg Þórdís Jónsdóttir og Lóa Júlía Antonsdóttir.

Aðrir íþróttamenn sem



Sveinbjörn Hrafn Kristjánsson, íþróttamaður ársins 2002 í Bolungarvík.

fengu viðurkenningu í Bolungarvík voru:

Arna Kristín Arnarsdóttir fékk viðurkenningu fyrir ástundun, áhuga og framfarir í sundi.

Bjarni Pétur Jónsson fékk viðurkenningu fyrir ástundun, árangur og framfarir í golfi.

Guðrún Kristín Bjarnadóttir fékk viðurkenningu fyrir ástundun, áhuga og framfarir í sundi.

Gunnar Már Elíasson fékk viðurkenningu fyrir góða ástundun og árangur með meistaraflokki UMFB í knattspyrnu.

Ingólfur Ívar Hallgrímsson fékk viðurkenningu fyrir góð-

an árangur í körfuknattleik.

Kristrún Ósk Ágústsdóttir fékk viðurkenningu fyrir ástundun, áhuga og framfarir í sundi.

Rögnvaldur Ingólfsson fékk viðurkenningu fyrir mikið og óeigingjart framlag til æskunnar í hestamannafélaginu Gný

Salóme Halldórsdóttir fékk viðurkenningu fyrir ástundun, áhuga og framfarir í sundi.

Sigurður Þorsteinn Stefánsson fékk viðurkenningu fyrir dugnað og elju með körfuknattleiksdeild UMFB

Stefán Örn Karlsson fékk viðurkenningu fyrir góða ástundun og framfarir með

meistaraflokki UMFB í sumar.

Sturla Stígsson fékk viðurkenningu fyrir mikinn stuðning við körfuknattleiksdeild UMFB.

Svala Sif Sigurgeirsdóttir fékk viðurkenningu fyrir góðan árangur í sundi.

Sveinbjörn Hrafn Kristjánsson fékk viðurkenningu fyrir mikinn áhuga og góðan árangur í kajakróðri.

Unnsteinn Sigurjónsson fékk viðurkenningu fyrir árangur og framfarir í golfi.

Weera Khiansanthia fékk viðurkenningu fyrir ástundun, árangur og framfarir í golfi.

Mikið eignatjón á liðnu ári vegna eldsvoða, slysa og óhappa

– sjö létu lífið í tveimur umferðarslys-um og einum eldsvoða

Á nýliðnu ári voru 12 útköll vegna elds hjá Slökkviliði Ísa-fjarðarbæjar. Oftast kviknaði í vegna þess að fólk fór frá eldamennsku. Ennig er nokkuð um að kvikni í þvottavélum og þurrkurum. Útköll vegna umferðarslysa, mengunar-óhappa og ýmisconar björg-unarstarfa og aðstoðar við al-menning voru 19 á árinu en 2 útköll voru vegna brunakerfa. Auk þessa annaðist Slökkvi-lið Ísafjarðarbæjar 250 sjúkra-flutninga á árinu, þar af 50 neyðarflutninga.

Þetta kemur fram í skýrslu Þorbjörns Sveinssonar slökkviliðsstjóra fyrir liðið ár. Slökkviliðsstjóri segir að eignatjón á árinu hafi verið mikið vegna bruna, umferðar-slysa og atvika í höfnum þar sem bátur sökk og annar stór-skemmdist. Fjórir létust á árinu í tveim-ur umferðarslysum á svæði Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar. Í inngangi að skýrslu sinni segir slökkviliðsstjóri að árið hafi ekki byrjað vel, en þá varð hörmulegur stórbruni á Þing-



Slökkvistöðin á Ísafirði.

eyri þar sem þrír létust. Slökkviliðið gerði átak í því að koma upp reykskynjurum á heimilum þar sem slökkvi-

liðsmenn gengu í hús og buðu reykskynjara til kaups og að-stoðuðu við uppsetningu. „Mönnum var alls staðar vel

tekið og þjónustan þökkuð“, segir Þorbjörn Sveinsson. Nokkrir slökkviliðsmenn komu sér upp köfunarbúnaði

á árinu og nýttist hann að sögn slökkviliðsstjóra vel til björg-unarstarfa.

Veðurlíðan virðist farin að rugla fleiri í ríminu en Vestfirðinga

Erlendur bakpokamaður tjald-ar á Ísafirði sem hásumar væri

Veðurlíðan virðist vera far-in að rugla fleiri í ríminu en Vestfirðinga sjálfa og farfugla himinsins, því að á miðviku-dag í síðustu viku bárust spurnir af erlendum bakpoka-manni, Ralph Wehner frá Sviss sem var búinn að tjalda

fyrir neðan veg í Króknum á Ísafirði og sat hann í náðum í fjörunni við bóklestur þegar blaðamaður leit til hans. „Ég ætlaði að ganga á skíðum úr Landmannalaugum og yfir Kjöl til Akureyrar en það var enginn snjór“, segir

Ralph. Þess vegna afréð hann að ferðast fótgangandi um Vestfirði í staðinn. Ralph seg-ist kunna þessu ferðalagi prýðisvel. Honum þykir gott að vera á ferð þegar fáir aðrir ferðamenn eru á kreiki þó að erfiðara sé um vik þar sem

ýmis þjónusta liggur niðri á þessum árstíma.

„Ég rek reiðhjólaverkstæði í Sviss og því er ég umkringd-ur fólki og í miklum skarkala stærstan hluta ársins. Á vet-urna er minna að gera og því nota ég þennan tíma til að taka mér frí og hlaða batter-íin“, segir Ralph Wehner.



Fyrsti bakpokamaður ársins fyrir utan tjald sitt í Króknum á Ísafirði.

Dæmdur fyrir akstur undir áhrifum lyfja

Sektaður og sviptur ökurétti

Maður hátt á þrítugsaldri var í síðustu viku dæmdur í Héraðsdómi Vestfjarða til greiðslu 50 þúsund króna sektar, ökuleyfissviptingar í sex mánuði og til greiðslu alls sakarkostnaðar fyrir akstur undir áhrifum lyfja. Maðurinn var ákærður og

sakfelldur fyrir að hafa í haust ekið bifreið frá Bolungarvík og sem leið lá inn á Ísafjarð-arflugvöll með verulegt magn amfetamíns í blóði, auk róandi lyfja. Niðurstöður blóðrannsókn-ar leiddu lyfjanotkunina í ljós, auk játningar hins ákærða.

Hátterni mannsins við kom-una á Ísafjarðarflugvöll var undarlegt og með þeim hætti, að vitni kallaði lög-reglu á vettvang. Erlingur Sigtryggsson dómstjóri kvað upp dóm-inn.

Efling atvinnulífs í Ísafjarðarbæ

Fyrsta skrefið stigið að stofnun eignarhaldsfélags

Á nokkrum stöðum á landinu hafa verið stofnuð svæðisbundin eignarhalds-félög til eflingar atvinnulífs, þar sem heimamenn hafa lagt fram 60% af stofnfé gegn 40% mótframlagi Bygðastofnunar. Getur stofnunin veitt allt 120 millj-óna króna framlag til hvers

landsfjórðungs vegna slíkra verkefna. Ísafjarðarbær hefur í fjár-hagsáætlun fyrir árið 2003 tekið frá 20 milljónir króna í þessu skyni. „Það má segja að þetta sé fyrsti vísirinn hjá okkur í átt að stofnun eignar-haldsfélags Ísafjarðarbæjar. Næsta skref er að láta reyna á

það hvort að við fáum mót-framlag frá Bygðastofn-un“, segir Halldór Halldór-son bæjarstjóri í Ísafjarðar-bæ. „Þessi vinna er á frum-stigi. Við eigum eftir þróa málið frekar“, segir Elías Guðmundsson, formaður at-vinnumálanefndar.

Íþróttafélagið Ívar í Ísafjarðarbæ

Stofnun borðtennisfélags á Ísafirði í undirbúningi

Íþróttafélagið Ívar í Ísa-fjarðarbæ stendur þessa dag-ana fyrir átaki til að kynna borðtennisíþróttina með það að markmiði að stofna opið borðtennisfélag. Harpa Björnsdóttir, formaður Ívars, sem er íþróttafélag fatlaðra, segir margar vanræktar borð-tenniskempur leynast á svæð-inu. Margir hafi spilað borð-tennis í félagsmiðstöðinni en eftir það hafi þá skort vettvang til æfinga og því hætt spili. Í síðustu viku voru í heim-sókn hér vestra þeir Jóhann R. Kristjánsson, sem er í landsliði fatlaðra í borðtennis, og Helgi Þór Gunnarsson landsliðsþjálfari. Á föstudag fóru þeir í heimsóknir í skóla til að kynna íþróttina m.a. í Grunnskólann á Ísafirði og Menntaskólann á Ísafirði.



Jóhann R. Kristjánsson á kynningunni í Menntaskólanum á Ísafirði.

Harpa Björnsdóttir segir aetlunina að setja á stofn borð-

tennisfélag sem sé opið öllum, bæði fötluðum og ófötluðum



Skemmtiferðaskip við legu á Skutulsfirði.

Komum skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar fjölgar

Von er á 14 skemmtiferðaskipum í sumar

Í sumar er von á fjórtán skemmtiferðaskipum með samtals um 4000 farþega inn- og útborðs til Ísafjarðar. Þetta er fjórum skipum og liðlega þús- und farþegum fleira en var á nýliðnu ári. Fjöldi skipa og farþega hefur verið nokkuð breytilegur á milli ára en í heildina er greinilegt er að stefnan hefur verið upp á við. Til samanburðar má nefna að sumarið 1995 komu til Ísafjarðar 6 skip með um 1700 farþega. Hefur því fjöldi skipa og farþega meira en tvöfaldast á síðastliðnum 8 árum. Rúnar Óli Karlsson, ferðamálafull- trúi Ísafjarðarbæjar, segir að hafnirnar í Reykjavík, á Ísa- firði og á Akureyri hafi átt langt og farsælt samstarf við aðila í ferðaþjónustu um kynningu þeirra erlendis og samstarf sé að auka það sam- starf enn frekar.

Nú stendur yfir undirbún- ingur fyrir komandi sumar og verið er að vinna að hugmynd- um um móttöku ferðamann- anna. Rúnar Óli segir Ísafjarð- arbæ hafa fengið góða um- sögn frá farþegum skemmti- ferðaskipa fyrir skemmtilegt og líflegt viðmót. Jafnan hefur verið staðið fyrir sérstökum uppákomum í tilefni af komu skipanna, gestunum og íbúum bæjarins til mikillar ánægju. Einnig segir Rúnar að verið sé að vinna að því að bæta merkingar í bænum þar sem ábendingar hafi borist þess efnis, að ferðamenn sem skoði bæinn eigi erfitt með að finna áhugaverða staði á borð við Sjóminjasafnið og Sundhöll- ina.

„Það er mjög virtur ráðgjafi að meta frammistöðu hafn- anna þriggja í móttöku far-

þega. Hann hefur metið það svo að hér sé vel staðið að skipulögðum ferðum sem far- þegarnir notfæra sér. Þeir sem kjósi að skoða bæinn upp á eigin spýtur lendi hins vegar í vandræðum með rata á rétta staði“, segir Rúnar Óli Karls- son.

Guðmundur Kristjánsson hafnarstjóri á Ísafirði segir mikinn hug í mönnum og stefnt sé á frekari sókn á vettvangi skemmtiferðaskip- anna. Segir hann áður nefndar þrjár hafnir hafa unnið saman í átta ár og nú sé unnið að frekara samstarfi í víðari skilningi. Ætlunin sé að tengj- ast hagsmunadílum í ferða- þjónustunni enn frekar og segir Guðmundur unnið að því með Ferðamálaráði og fagað-

ilum að þróa þetta samstarf. „Við stefnum að því að starfa saman undir einu vörumerki enda eru hafnirnar ekki að keppa innbyrðis“, segir Guð- mundur Kristjánsson.

Komur skemmtiferðaskip- anna skila umtalsverðum tekj- um til Ísafjarðarhafnar. Guð- mundur segir þann kostnað sem höfnin leggi út vegna markaðssetningar skila sér margfalt í tekjum af skipun- um.

Meðal þeirra skipa sem væntanleg eru í sumar er 800 farþega skip frá félaginu Hol- land - American Cruise Line. Fulltrúar þess komu til Ísa- fjarðar á liðnu hausti til að skoða aðstæður og létu mjög vel af þeim.

Norðvesturkjördæmi

Prófkjör D-lista gilt en ágallar harmaðir

Ekki er forsenda til að ógilda prófkjör Sjálfstæðis- flokksins í Norðvesturkjör- dæmi, að mati stjórnar kjör- dæmisráðs. Stjórnin harmar hins vegar ágalla á fram- kvæmd prófkjörsins. Fram kom í fréttum Ríkisútvarps- ins að stjórnin fjallaði um

bréf Vilhálms Egilssonar al- þingismanns sem hafnaði í 5. sæti í prófkjörinu en hann fór fram á ógildingu þess. Stjórn- in þakkar Vilhjálmí samstarfið liðin ár og óskar honum vel- farnaðar á nýjum vettvangi. Vilhjálmur hefur formlega sagt af sér þingmennsku frá

og með 16. janúar. Adolf H. Berndsen, framkvæmda- stjóri á Skagaströnd, tekur sæti á Alþingi í hans stað. Adolf tekur sæti í efnahags- og viðskiptanefnd og sjáv- arútvegshöfnir í stað Vil- hjálms Egilssonar, alþingis- manns.

Allt sjúkrahússorp af höfuðborgarsvæðinu

Flutt til eyðingar á Ísafirði?

Útlit er fyrir að allt sjúkra- hússorp af höfuðborgar- svæðinu verði flutt með gámum til Ísafjarðar og því eytt í sorpbrennslustöðinni Funa. Með hugtakinu „sjúk- rahússorp“ er átt við sérstak- an úrgang frá heilbrigðis- stofnunum sem hefur í för með sér meiri sýkingar- hættu og hættu á meiðslum en annar úrgangur.

Til þessa flokks heyrir sóttmengaður úrgangur, lík- amsleifar, hvassir hlutir, lyfjaúrgangur og frumu- breytandi efni, sem geta haft stökkbreytingar í för með sér. Sorpeyðingarstöð Suð-




Sorpbrennslustöðin Funi í Engidal.

urnesja hefur til þessa fargað sorpinu en heilbrigðiseftirlitið hefur krafist þess að því verði hætt. Í svari umhverfisráð- herra til Einars K. Guðfinns- sonar á Alþingi í haust kom fram, að Sorpbrennsla Suð- urnesja tók á móti 280 tonnum af sjúkrahússorpi árið 2001.

Í Svæðisútvarpi Vest- fjarða kom fram, að sam- kvæmt upplýsingum um- hverfisráðherra blasi við, að besta úrræðið sé að flytja þetta sorp í Funa meðan ekki er til fullkomnari aðstaða á höfuðborgarsvæðinu eða á Suðurnesjum.

Réttindi á vinnuvélar



Vinnuvélanámskeið verður haldið á Ísafirði 13. - 22. febrúar.

Námskeiðið er kvöld og helgarnámskeið og veitir rétt til vorklegrar próftöku á allar gerðir vinnuvéla.

Sjóðir stéttarfélaganna/bænda styrkja sína menn.

Upplýsingar og skráning í sínum 570 7290, 897 0601 og á vefiðu www.iti.is



Íðntæknistofnun

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN Í SAFJARÐARBÆ

Hjartalæknir

Davíð Arnar sérfræðingur í hjartasjúkdóm- um verður með móttöku á Ísafirði dagana 21. - 24. janúar.

Tímarpantanir í síma 450 4500, á milli kl. 08:00 og 16:00 alla virka daga.

Íbúð til sölu!

Til sölu er 4ra herbergja íbúð á 3. hæð að Stórholti 7. Íbúðin er 117m² í góðu ástandi. Mjög fallegt útsýni.

Upplýsingar í sínum 456 4643 og 899 0743.

Svolítið undrandi á snjóleysinu á Íslandi

Á hverjum vetri dveljast nokkrir erlendir skiptinemar á Ísafirði og í grannbyggðum og stunda nám við Menntaskólann á Ísafirði. Nemar þessir koma aðallega á vegum tvennra samtaka, AFS og Rotary.

Jonathan Culver Horton er sautján ára Bandaríkja- maður sem dvelst nú á Ísafirði á vegum síðarnefndu samtakanna. Jonathan er frá Wyoming við rætur Klettafjalla, fámennasta fylki Bandaríkjanna. Síðan Jonathan kom til Ísafjarðar hefur hann afrekað það meðal annars að ganga á fjöll og vinna titla með Sundfélaginu Vestra.

Jonathan kom til landsins seint í ágústmánuði. Í vetur hefur hann búið hjá Hermanní Níelssyni, kennara við Menntaskólann á Ísafirði, og unir hag sínum býsna vel. „Auk hinna daglegu hluta höfum við gert ýmislegt saman, meðal annars gengið á fjöll í nágrenni Ísafjarðar. Þannig fór ég með Hermanní og nokkrum krökkum úr skólanum í göngu á Snæfjallaströnd.“

Frá jafnréttisfylklinu

Jonathan er eins og áður

segir frá Wyoming, fámennasta fylki Bandaríkjanna og jafnframt einu því yngsta. Wyoming er aðallega þekkt sem „kúrekafylkið“ og „jafnréttisfylkið“. Það skipaði stóran sess í jafnréttisbaráttu kynjanna og var fyrsta fylki Bandaríkjanna til að veita konum kosningarétt og viðurkenna þær gjaldgengar til opinberra starfa.

Þrátt fyrir nokkra mannfæð í Wyoming, en þar býr innan við hálf milljón manna, er fylkið býsna stórt í ferkílómetrum talið. Það er á sléttum við Klettafjöllin og liggur ekki að sjó.

Sankaði að sér upplýsingum

Umhverfið þar sem Jonathan ólst upp er harla ólíkt Íslandi, en hvers vegna ákvað hann að koma hingað, af öllum stöðum?

„Það er eiginlega vegna þess hversu ólíkt umhverfið er og vegna þess hversu lítið ég vissi um landið. Það var eiginlega það sem mér þótti mest spennandi.

Ég reyndi eftir fremsta megni að bæta úr því hversu lítið ég vissi. Um leið og ég hafði ákveðið að fara til Íslands sankaði ég að mér ýms- um upplýsingum um landið.

Ég vissi því orðið nokkuð mikið þegar ég kom en átti náttúrulega eftir að upplífa hlutina sjálfur.“

– Hvað ætli hafi komið Jonathan mest á óvart við dvölina á Íslandi?

„Ég hef verið svolítið undrandi á snjóleysinu. Ég bjóst við því að það yrði miklu meira af snjó, ég mér heyrir reyndar á flestum að það hafi allir búist við miklu meira af snjó. Þetta er svolítið leiðinlegt, því ég hafði hlakkað til að fara á skiði hérna. Veturinn er samt ekki nema rétt hálfnaður svo að þetta gæti lagast.“

Syndir með Vestra

– En hvað hefur Jonathan helst gert sér til dundurs síðan hann kom?

„Ég hef haft nóg að gera. Í Wyoming var ég að æfa sund og hef haldið því áfram eftir að ég kom til Ísafjarðar. Ég komst í sundlið Vestra og hef æft með þeim og keppt fyrir þeirra hönd á mótum og gengið ágætlega, rétt eins og liðsfélögum mínum. Við unnum til dæmis bikarmót fyrir stuttu og komumst upp í efstu deild. Þá hef ég líka reynt að taka þátt í alls konar samkomum á vegum skólans, dansleikjum og öðru. Svo reyni ég að sjálf- sögðu að standa mig í nám- inu.“



Skammast sín fyrir íslensku- kunnáttuna

– Og hvernig hefur þér sóst námið?

„Það hefur gengið ágætlega. Ég var í prófum núna fyrir jólin og gekk vel, náði öllum þeim áföngum sem ég var í. Reyndar tók ég ekki

íslensku en náði prófum í ensku, stærðfræði og sögu. Tungumálaerfiðleikarnir voru ekki miklir, sérstaklega ekki í fyrstnefndu áföngunum.“

– Það er kannski böll að vera enskumælandi, þú lærir varla mikla íslensku ef allir tala við þig á ensku, eða hvað?

„Nei, og ég skammast mín eiginlega svolítið fyrir að vera ekki búinn að læra neitt, eða

sama og ekki neitt, í tungu- málinu. Ég vona þó og trúi að þetta skáni eftir áramót, en ég lít á það sem skyldu mína að læra eitthvað í íslensku. Það væri agalegt að fara aftur til Bandaríkjanna engu bættur og án þess að hafa lært neitt í málinu,“ sagði Jonathan Culver Horton í samtali við blaðið.

STAKKUR SKRIFAR

Vestfirðingur ársins

Bæjarins besta hefur tekið upp þann ágæta hátt að veita lesendum sínum kost á því að velja Vestfirðing ársins. Þá líta veljendur yfir farinn veg og skoða hvað það er sem þeim þykir hafa staðið upp úr í verkum og framkomu Vestfirðinga og veita svo þeim brautargengi, sem að lokinni skoðun hvers og eins verður efstur á blaði. Þessi siður er góður og skemmtilegur og gefur óneitanlega vísbendingar. En þess er óskað að hver sem velur gefi skýringu á vali sínu. Engin skilyrði eru þó sett um það hvað þurfi til þess að maður komi til greina sem Vestfirðingur ársins.

Slík skilyrði kynnu meðal annars að vera á þá lund, að viðkomandi hefði ná sérstökum árangri í starfi eða öðrum viðfangsefnum til þess að koma til greina. Ef svo væri mætti setja spurningar um ýmsa þá er komust á lista.

En vel tókst til að þessu sinni. Hlynur Snorrason hefur verið óþreytandi að sinna forvarnarverkefninu VáVest sem er byggt upp af þátttöku margra einstaklinga og félaga. Hann hefur hlotið til þess stuðning yfirmanna sinna í lögreglunni á Ísafirði og sinnt þessu áhugamáli sínu er jafnframt tengist starfinu af þrójóttandi elju um margra ára skeið. Öllum má vera ljóst að miklu varðar að koma í veg fyrir óholla tómstundaiðju barna og unglinga. Reykingar og áfengisnautn eru slæmur kostur fyrir ungmenni og fáir munu hafa leiðst út í neyslu sterkari fíkniefna og ólöglega án þess að hafa reynt þessi tvö löglegu fyrst.

Hér er ekki verið að mæla gegn hóflegri neyslu áfengis, sem vissulega getur veitt þeim sem með kann að fara gleði og ánægju, en skaðað hinn alveg skelfilega sem ekki hefur tökin á því hvernig með er farið. Almennt er talið að hvert ár sem tekst að halda unglingum frá því að hefja brúkun áfengis sé stórt skref í þá veruna að koma í veg fyrir ofnautn.

Um reykingar og aðra tóbaksnotkun þarf vart að ræða. Afleiðingar þeirra eru jafnan skaðlegar fyrir utan óþrifnað og óþægindi margra þeirra sem ekki taka þátt í neyslunni. Hin ólöglegu fíkniefni – eiturlyf – eru skelfileg og hafa farið illa með margt ungmennið. Sum þeirra losna eftir miklar hremmingar, meira og minnna skemmd af afleiðingunum, bæði á líkama og sál. Önnur deyja af völdum hörmunganna og eru þá ótaldir afleiðingar og óhamingja þeirra sem næstir standa, foreldra, maka og barna.

Það er því verðugt verkefni að velja sér að berjast gegn þeim vágæsti sem fíkniefnin eru. Þeim tengjast einnig afbrot margs konar sem leiða oft til alvarlegrar glæpastarfsemi. Það má því segja að það hafi verið vel valið að óþreytandi baráttumaður hafi hlotið þennan heiðurstítil. Breytir þar engu um þótt nán tengsl séu við starfið. Það er nefnilega svo, að miklu skiptir hvernig menn sinna störfum sínum. Sá sem það gerir af kostgæfni og áhuga á alltaf hrós skilið.

Lesendur völdu vel að þessu sinni.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

SPURNINGIN

Spurt var:

Ætlar þú á þorablót?

Alls svöruðu 449.
Já sögðu 268 eða 59,69%
Nei sögðu 114 eða 25,39%
Kannski sögðu 67 eða 14,92%

Netspurningin er birt viku- lega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Þar sem púlsinn slær...

bb.is

Ólafur Th. Árnason kjörinn í annað sinn

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar árið 2002 var útnefndur í hófi sem Afreks- og styrktarsjóður Ísafjarðarbæjar og Héraðssamband Vestfirðinga héldu í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði á laugardag. Að þessu sinni var valinn Ólafur Th. Árnason skíðagöngumaður á Ísafirði en hann átti miklu gengi að fagna á árinu. Áður var hann útnefndur íþróttamaður Ísafjarðarbæjar árið 1999 en Katrín Árnadóttir, skíðagöngukona og systir Ólafs, var útnefnd fyrir árið 2000.

Ellefu íþróttamenn voru tilnefndir af aðildarfélögum HSV og hlutu þeir allir viðurkenningu. Auk þeirra hlaut Lárus Daníelsson sem keppir utan félaga viðurkenningu en hann sigraði á Prekmeistaramóti Íslands á síðasta ári.

Auk Ólafs Th. Árnasonar fengu fjórir íþróttamenn styrk úr Afreks- og styrktarsjóði Ísafjarðarbæjar og nam hann 100.000 krónum fyrir hvert þeirra. Skíðamennirnir Ólafur Th. Árnason, Jakob Einar Jakobsen og Markús Þór Björnsson hlutu styrk en þeir æfa

allir fyrir Vetrarólympíuleikana í Tórínó árið 2006. Heiðar Ingi Marínósson sundmaður og Hjördís Erna Ólafsdóttir júdókona hlutu einnig styrk en þau hafa verið valin í hóp þeirra íþróttamanna sem keppa munu á Ólympíuleikunum í Aþenu árið 2004. Skíðafélag Ísafjarðar fékk 25 þúsund króna styrk úr Afreks- og styrktarsjóði en venjan er að það félag sem stendur að baki Íþróttamanni Ísafjarðarbæjar hljóti einnig viðurkenningu með þeim hætti.

Katrín Árnadóttir, systir Ól-



Kristín Gísladóttir, móðir Ólafs Th. Árnasonar, Íþróttamanns Ísafjarðarbæjar 2002 og Katrín systir hans tóku við viðurkenningunum. Á milli þeirra er Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

Ólafur er staddur við æfingar í Noregi og gat ekki tekið við viðurkenningunni.

Eftirtalið íþróttafólk hlaut tilnefningar og viðurkenningar vegna kjörs Íþróttamanns Ísafjarðarbæjar 2002:

Allan Már Newman (Ksf. Hörður), Baldur Ingi Jónasson (KFÍ), Friðrikka Árný Rafnsdóttir (Hestamannafélagið Stormur), Indriði E. Hilmarsson (Hestamannafélagið Hending), Jónas K. Lyngmo

(Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar), Lárus M.K. Daníelsson (vegna Prekmeistaramóts Íslands), Ólafur Th. Árnason (Skíðafélag Ísfirðinga), Sigurður Fannar Grétarsson (Golfklúbbur Ísafjarðar), Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir (Íþróttafélagið Ívar), Sveinbjörn Hrafn Kristjánsson (Sæfari, félag áhugamanna um sjósport), Þór Sveinsson (Sundfélagið Vestri), og Þórður Rafn Bjarnason (BÍ).



Íþróttamennirnir og fulltrúar þeirra sem tilnefndir voru af félögum innan HSV vegna kjörs Íþróttamanns Ísafjarðarbæjar.



Sundfélagið Vestri á Ísafirði heiðraði sitt fólk fyrir góðan árangur á árinu 2002. Á myndinni eru einnig þeir Ingi Þór Ágústsson, þjálfari sundfólksins og Gestur Elíasson, formaður Vestra.



Fjöldmennir var við útnefninguna sem haldin var í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.



Þessir ungu knattspyrnumenn fengu viðurkenningar frá Boltafélagi Ísafjarðar fyrir góðan árangur.



ÍSAFJARÐARBÆR

AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG Í ÍSAFJARÐARBÆ

Deiliskipulag Sætúns og Túngötu á Suðureyri.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga er hér með auglýst til kynningar á ný, tillaga að deiliskipulagi Sætúns og Túngötu, með breytingu frá eldri tillögu.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 5. desember 2002.

Helstu breytingar frá fyrri tillögu eru að Sætún og Túngata verða tvístefnuakstursgötur. Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu á Ísafirði og Suðureyri frá 16. janúar til og með 14. febrúar 2003. Skriflegum athugasemdum við tillöguna skal komið á framfæri við undirritaðan fyrir 28. febrúar nk. sem veitir jafnframt allar nánari upplýsingar.

Ísafjarðarbæ, janúar 2003,
Skipulags og byggingarfulltrúi.

helgaregðabókin

skemmtanir • fundir • fólk • sjónvarp • veður • íþróttir • fréttir • kirkjustarf

smáar

WGI! Aukavinna á netinu. Uppl. gefur Friðrik í síma 898 4094 eða á netfanginu spitfire@heimsnet.is

Til sölu er Nissan Micra árg. 97, 4ra dyra, sjálfskiptur, 16 ventla. Vetrardekk á stálfelgum, nýsumar-dekk á álfelgum. Útvarp m/geisla-spílara, spoiler o.fl. Uppl. í sínum 456 3454 og 891 7704.

Til sölu er Cherokee Limited jippi árg. 1991. Uppl. í sínum 456 4195 eða 456 4295.

Til sölu er 4ra herb. íbúð á 3. hæð að Stórholti 7. Íbúðin er 117m² í góðu ástandi. Mjög fallegt útsýni. Upplýsingar í sínum 456 4643 og 899 0743.

Er ekki einhver sem getur selt okkur nagladekk fyrir lítinn pening. Þurfa að vera 30-31" sem passa á 15" felgur. Uppl. í síma 456 4264.

Strandamenn! Arshátíðin (þorra-blót) verður í Félagsheimilinu í Hnífsdal laugardaginn 8. febrúar. Nánar auglýst síðar.

Til leigu er nýleg 3ja herb., 75m² íbúð á eyrinni á Ísafirði. Lausstrax. Uppl. gefur Róbert í sínum 456 4143 og 562 7862.

Kvennadeild SVFI Ísafirði verður með spilavist í Guðmundarþúð föstudaginn 17. janúar kl. 20:00. Allir velkomnir!

Óska eftir 3ja til 4ra herb. íbúð á Ísafirði til leigu. Uppl. gefa Telma eða Olli í síma 567 7079.

Til sölu er MMC Galant árg. 1992, ekinn 174 þús. km. Bill í góðu lagi. Tilboð óskast. Upplýsingar í síma 866 4020.

Til sölu er Hokus Pokus barnastóll, velt með farin. Verð kr. 2.000.- Uppl. í síma 456 3669.

Til sölu er Polaris Indy XLT 580 SP, vélsleði árg. 1993. Verð 180 þús. Uppl. í síma 861 4681.

Til leigu er 3ja herb. íbúð á Ísafirði. Laus 1. febrúar. Uppl. í síma 456 4212 og 893 1769.

Til sölu er rúmgöð 3ja herb. íbúð á jarðhæð að Stórholti 11. Verð kr. 3 milljónir. Uppl. í sínum 551 4998 eða 846 0230.

Til sölu er 4ra herb. íbúð á 3. hæð að Túngötu 18 á Ísafirði. Laus 1. febrúar. Uppl. í síma 456 4014.

Til sölu er KIA Sportage árg. 96, ekinn 70 þús. km. Skipti á öðrari koma til greina. Upplýsingar í síma 456 8377 og 895 4440.

Óska eftir barnastól fyrir börn á aldrinum 0-1 árs, gefins eða fyrir lítinn pening. Upplýsingar í síma 849 5315 eða 868 1937.

Til sölu eru tveir Britax Rock-a-tot barnabílstólar fyrir 0-13 kg. Uppl. í síma 456 8207.

Ertu orðin(n)
áskrifandi!
Síminn er
456 4560



SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 17. janúar

16.35 At
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknaðalsfréttir
18.00 Gulla grallari (29:52)
18.30 Falin myndavél (53:60)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Íslensku tónlistarverðlaunin
20.10 Vofa Svartskeggs sjóræningja. (Blackbeard's Ghost) Ævintýramynd frá 1968. Svartskeggur sjóræningi gengur aftur og verður að gera góðverk eigi hann að fá að hvíla í friði í grófi sinni. Aðalhlutverk: Peter Ustinov, Dean Jones og Susan Pleshette.
22.00 Af fingrum fram. Jón Ólafsson spjallar við Eyþór Gunnarsson pianóleikara.
22.45 Köngurloafar. (Arachnophobia) Spennumynd frá 1990 um skelfingu sem grípur um sig í smábæ í Kaliforníu þegar köngurlær herja á bæjarbúa. Aðalhlutverk: Jeff Daniels og Julian Sands.
00.30 Enginn er fullkominn. (Flawless) Bandarísk bíómynd frá 1999. Myndin fjallar um stórða sambúð tveggja nágranna í New York. Annar þeirra er fyrrverandi sjóliði en hinn er klæðskiptingur. Aðalhlutverk: Robert De Niro og Philip Seymour Hoffman.
02.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 18. janúar

09.00 Morgunundin okkar
09.02 Mummi bumba (3:65)
09.07 Andarteppa (3:26)
09.19 Bingur (3:13)
09.26 Malla mulla (43:52)
09.33 Undrahundurinn Merlín
09.45 Fallega húsið mitt (29:30)
09.52 Lísá (18:21)
09.57 Babar (58:65)
10.25 Harry og hrukkudýrin (3:7)
10.50 Viltu læra íslensku? (2:22)
11.10 Kastljósið
11.35 At
12.05 Geimskipið Enterprise (13:26)
15.00 Svona var það (16:27)
13.15 Mósakí
13.50 20. öldin (5:8)
14.00 Óskabarnið
14.10 Laxveður á Kolaskaga
14.45 Bikarkeppnin í körfubolta. Bein útsending frá leik í undanúrslitum.
17.50 Táknaðalsfréttir
18.00 Smart spejari (19:22)
18.25 Flugvöllurinn (3:16) (Airport) Bresk þáttaröð þar sem fylgst er með starfsfólki og farþegum í erli dagsins á Heathrow-flugvelli.
18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.30 Íslensku tónlistarverðlaunin
19.40 Laugardagskvöld með Gísla
20.25 Spaugstofan
20.55 Englaborgin. (City of Angels) Bandarísk bíómynd frá 1998 og ástir engils og hjartaskurðleknis í Los Angeles. Aðalhlutverk: Nicholas Cage, Meg Ryan og Dennis Franz.
22.50 Tilgangur laganna. (Kavanagh Q.C.: The End of Law) Síðasta myndin í flokki breskra sakamálaþyrpa þar sem Kavanagh lögmáður fæst við snúin sakamála. Hér hjálpar hann saklausum manni sem hefur verið dæmdur fyrir morð. Aðalhlutverk: John Thaw, Nicholas Jones, Tim Pigott-Smith, Samantha Bond, Nicholas Le Provost og Oliver Ford Davies.
00.30 Buena Vista Social Club. Heimildarmynd eftir Wim Wenders frá 1999 um hóp roskinna tónlistarmanna á Kúbu sem notið hefur mikilla vinsælda á seinni árum og hélt m.a. tvöna tónleika í Reykjavík í hiteðfyrri. Í myndinni er m.a. sýnt frá plötuupptökum þeirra í Havana og frá tónleikum í Amsterdam og New York. e.
02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 19. janúar

09.00 Morgunundin okkar
09.01 Disneyundin
09.55 Bubbi byggir (13:26)
10.05 Kobbi (11:14)
10.25 Franklin (50:65)
10.50 Nýjasta tækni og vísindi
11.05 Vísindi fyrir alla (2:48)
11.15 Spaugstofan
11.40 Laugardagskvöld með Gísla
12.25 Mósakí
13.00 Herbergi Rothkos
14.00 Af fingrum fram
14.45 Hélène Grimaud - Líf með úlfum
15.45 Hélène Grimaud á tónleikum
17.20 Maður er nefndur
17.50 Táknaðalsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Stúlka og dansandi hestur
18.50 Þrír spejalar (16:26)

19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Íslensku tónlistarverðlaunin
20.10 Skemmtilegir leikir. Heimildarmynd þar sem fjallað er um íslenskan happeidrettismarkað, spílakassa, spilavíti og spílafíkn og reynt að varpa ljósi á stöðu þessara mála.
21.10 Laukur ættarinnar (3:4)
22.00 Helgarsportíð
22.25 Nú eða aldrei. (Jetzt oder nie - Zeit ist Geld) Þýsk bíómynd frá 2000 um þrjár gamlar konur sem deyja ekki ráðalaussar þegar sparifé þeirra er stolið frá þeim, heldur ákveða að ræna banka. Aðalhlutverk: Gudrun Okras, Elisabeth Scherer og Christel Peters.
00.00 Kastljósið
00.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok



Föstudagur 17. janúar

06.58 Ísland í bítíð
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Í finu forni
09.35 Oprah Winfrey
10.20 Ísland í bítíð
12.00 Neighbours
12.25 Í finu forni
12.40 Dhruva & Greg (17:24)
13.00 The Education of Max
13.45 Fugitive (3:22)
14.25 Jag (3:24)
15.15 60 mínútur II
16.00 Barnatími Stöðvar 2
16.45 Kalli kanína
16.55 Barnatími Stöðvar 2
17.20 Neighbours
17.45 Bulba, the Vampire Slayer
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag, íþróttir og veður
19.30 Friends I (11:24)
20.00 Friends (3:24)
20.25 Spin City (22:22)
21.45 Gnarnburg (11:14)
21.45 Urban Legends (Sögusagnir) Dulartull hrollvekja. Í Pendleton-háskólanum eru alvarlegir hlutir að gerast. Morðingi gengur laus en Natalie Simon er eini nemandinn sem tekur eftir einhverju grunsamlegu. Sagan segir að fyrir ádrátturþingi hafi þrjálaður prófessor myrt sex nemendur. Getur verið að sami prófessorinn sé aftur kominn á kreik? Aðalhlutverk: Alicia Witt, Jared Leto, Rebecca Gayheart.
23.25 American History X. (Amerísk náttúrasaga) Áhrifamikil mynd um fyrrverandi nýnastíðastann Derek Vinyard sem hefur nýlega verið látinn laus úr steininni. Derek kemur breyttur maður úr fangelsinu, laus við þá heift, reiði og hatur sem hrjáði hann. Nú þarf hann hins vegar að koma í veg fyrir að yngri bróðir hans lendi í því sama. Edward Norton var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í myndinni. Aðalhlutverk: Edward Furlong, Fairuz Balk, Edward Norton.

01.20 Senseless. (Úti á þekju) Gamannmynd um hagræðinemann Darryl Whiterspoon sem hræðist ekkert. Honum sækist námið vel en það er einlegur ástættur hans að bjarga sjálfur skólagjöldin en sjá jafnframt fjölskyldu sinni farborða. Af þeim sökum tekur Darryl að sér hin ólíklegustu störf og afleiðingarnar eru vægast sagt skrautlegar. Aðalhlutverk: Marion Wayans, David Spade, Matthew Lillard, Rip Torn.
02.50 Stígnaða. (Sár Kristi) Faðir Kieran er rannsóknarmaður á vegum Vatíkansins og fær í hendurnar undarlegt mál ungar konu. Konan fær blæðandi sár sem líkjast sárum Kristis á krossinum. Kiernan reður smám saman gátuna og kemst sér til mikillar skelfingar að því að konan ferir boð sem draga aldagamla trú káþolsku kirkjunnar stórlega í efa. Hann er því milli steins og sléggju; að hann að bjarga stúlkunni eða ljóstra upp leyndarmáli sem gæti lagt kirkjuna endanlega í nið? Aðalhlutverk: Gabriel Byrne, Jonathan Pryce, Patricia Arquette.
04.30 Friends I (11:24)
05.15 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 18. janúar

08.00 Barnatími Stöðvar 2
09.55 The Black Stallion
11.50 Bold and the Beautiful
13.30 Viltu vinna milljón?
14.20 Alltaf í boltanum
14.45 Enski boltinn
17.05 Sjálfstætt fólk
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Lottó
19.00 Ísland í dag, íþróttir og veður
19.30 Detroit Rock City. (Rokkað í Detroit) Fjórir vinir sem dýrka hlífðaseitina KISS eru reiðubúnir að gera hvað sem er til að svindla sér inn á tónleika með göðum. Aðalhlutverk: Edward



Sigourney Weaver, Jennifer Love Hewitt, Gene Hackman og Ray Liotta leika aðalhlutverkin í gamanmyndinni Heartbreakers, sem er frá árinu 2001 og sýnd er á Stöð 2 kl. 21:05 á laugardagskvöld. Hér segir frá slóttugum mæðgum. Max er sérfróð í því að fá forrika karla til að falla fyrir sér. Hún dregur þá umsvifalaust upp að altarinu en síðan tekur dóttir hennar, Paige, við. Paige dregur eiginmennina á talar og um leið heimtar Max skilnað og væna fjárupphæð fyrir brot þeirra á hjúskaparsáttmálanum!

Furlong, Giuseppe Andrews, James DeBello, Sam Huntington.
21.05 Heartbreakers. (Slóttugar mæðgur) Gamannmynd um slóttugar mæðgur. Max er sérfróð í því að fá forrika karla til að falla fyrir sér. Hún dregur þá umsvifalaust upp að altarinu en síðan tekur dóttir hennar, Paige, við. Paige dregur eiginmennina á talar og um leið heimtar Max skilnað og væna fjárupphæð fyrir brot þeirra á hjúskaparsáttmálanum! Aðalhlutverk: Sigourney Weaver, Jennifer Love Hewitt, Gene Hackman, Ray Liotta.
23.10 The Bone Collector. (Beinasafarinn) Raðmorðingi gengur laus á Manhattan. Hann myrðir fórnarlömb sín á hrottafenginn hátt og skilur svo boð eftir hjá þeim. Fáir virðast geta ráðið í rúnir morðingans að undanskildum Lincoln Rhyme. Rhyme þessi er rúmliggjandi eftir slysi við skyldustörf og þarfnast því aðstoðar við að leysa gátuna. Hann fær til liðs við sig unga götulögreglukonu sem reynist betri en enginn í baráttunni við morðingjann. Aðalhlutverk: Denzel Washington, Angelina Jolie, Queen Latifah.
01.05 Raging Bull. (Hnefaleikakappinn) Erfiðasti andstæðingur hnefaleikakappans Jake LaMotta var hann sjálfur. Mögnuð mynd Martins Scorsese sem er ein sú besta sem gerð hefur verið. Aðalhlutverk: Joe Pesci, Robert De Niro, Cathy Moriarty.
03.10 Head Above Water. (Höfuð upp úr vafi) Bandarísk útgáfa af norski spennumynd sem vakti mikla athygli. Söguþráðurinn er á þá leið að hjónin Nathalie og George fara í sumarleyfi á afskekktan stað. Gamall vinur Nathalie er með í fór og kvöld eitt á meðan þeir George fara að veiða birtist fyrrverandi elskhugi stúlkunnar á staðnum. Fyrir varir dattur hann hins vegar niður dauður og Nathalie veit ekki hvað hún á til bragðs að taka. Aðalhlutverk: Cameron Diaz, Harvey Keitel, Craig Sheffer.
04.40 Tónlistarmyndbönd



Föstudagur 17. janúar

18.00 Sportíð með Ollis
18.30 Trans World Sport
19.30 South Park 6 (15:17)

SPORTIÐ Í BEINNI...



Sýn

Laugardagur 18. janúar kl. 12:00
Enski boltinn: Manchester United – Chelsea
Laugardagur 18. janúar kl. 17:20
Enski boltinn: Southampton – Liverpool
Sunnudagur 19. janúar kl. 13:45
Enski boltinn: Arsenal – West Ham United
Sunnudagur 19. janúar kl. 16:00
Enski boltinn: Fulham – Middlesbrough
Sunnudagur 19. janúar kl. 18:00 og 20:00
NFL – Ameríski boltinn: Bein útsending
Þriðjudagur 21. janúar kl. 19:55
Enski boltinn: Liverpool – Sheffield United
Miðvikudagur 22. janúar kl. 19:50
Enski boltinn: Blackburn – Manchester United

Stöð 2

Laugardagur 18. janúar kl. 14:45
Enski boltinn: Newcastle – Manchester City

Ríkissjónvarpið

Laugardagur 18. janúar kl. 15:45
Bikarkeppnin í körfubolta karla: Undanúrslit



ma hanna hafi endurvilkað forna bardagaleið rómverskra skyllingamanna. Eina leiðin til að nálgast verðir er að dúbblaust sem einn skyllingamannanna og berjast um álf og dauða. *Aðbhallturf: Frank Anderson, Don Carter, Eugene Clark.*

00.05 Big Man On Campus. (*Skrimslið*) Gamantálfur af Hringjaranum í Notre Dame. Loðin öfreskjá finnst í kjallara háskólabýggingu. Öfreskján vekur mikla athygli, bæði hafi nemendunum og eins hinum vtri lærimstrumum. En það er ýmsum vandkvæðum bundið að hafa öfreskjú þúsakynnum menntastofnunar eins og áhöfundur fá að sjá. *Aðbhallturf: Allan Katz, Corey Parker, Cindy Williams, Melora Hardin, Tom Skerritt.*

01.15 Dagskrárlök og skjaleikur

Laugardagur 18. janúar

17.20 **Enski boltinn.** Bein útsending frá leik *Southampton* og *Liverpool*.

19.35 **Lotó**

19.40 **PSI Factor (18:22)**

20.25 **MAD TV**

21.10 **Clockwatchers.** (*Heil cilflö*) Það getur mærgt spaugilegt komið upp á í vinnunni, sérstaklega þar sem konur vinna saman. Myndin fjallar um fjórar ungur konur sem eiga það eigið sameiginlegt að vera starfsfélagar. Þrátt fyrir öll drauma verða þær fljót vinnur konur. *Aðalhlutverk: Toni Collette, Parker Posey, Lisa Kudrow, Alanna Ubach.*

22.40 **Hnefaleikar-Evander Holyfield.** Útsending frá hnefaleikakeppni í Atlantík City. Á meðal þeirra sem mættust voru Evander Holyfield, fyrrverandi heimsmeistari í þungavigt, og Chris Byrd.

00.40 **Painting Pamela.** Erótísk kvikmynd.

5 Dagskrárlök og skjáleikur

Sunnudagur 19. janúar

13.45 Enski boltinn. Bein útsending frá leik *Arsenal* og *West Ham United*.
16.00 Enski boltinn. Bein útsending frá leik *Fulham* og *Middlesbrough*.
18.00 Western World Soccer Show
18.30 Ernest Goes To The Army
20.00 NFL. Bein útsending.
23.30 NFL. Bein útsending.
02.30 Dagskrárlok og skjáleikur



Föstudagur 17. janúar

18:00 Cybernet (e)
18:30 Þoppunktur - Proffabátur
19:30 Dateline. Dateline er margverð-
 lausnabrot, fréttaskýringabátur á dagskrá
 NBC sjónvarpsstöðvarinnar í Bandarík-
 um. Þættirnir hafa unnið til fjölda vir-
 kenninga og eru nær alltaf á topp 20
 listanum í Bandaríkjunum yfir áhörf í
 sjónvarpi.

20:30 Girlfriends. Gamnabáttur um
 fjórar vinkonur sem láta sér ekki alltaf
 þyrsti brenna og neita allnaríð að um-
 upp á að komur sér konur verstar.

21:00 Friends í horni
21:00 Chained. Þókanorinninn þrjár
 eru umsetnar af illum öndum og öðrum
 verum frá handanheiminum en meðan
 þær standa saman er öllu hætt að bjarga.

22:00 Djúpa laugin. Í Djúpa lauginni
 sýna Íslendingar af öllum stærðum og
 gerðum sínar bestu hlíðar í um vón að

komast á stefnumót. Leikurinn gengur út á einum keppandi spyr þrjá einstaklinga af gagnstæða kyninu margvíslegra spurninga, án þess að þá að hitta þá, og sá sem svarar best fyrir sig fer spændandi stefnumót og övissuvers með spyrjandanum að launum.

23:00 Will & Grace

23:30 Everybody Loves Raymond (e)
 Líf Rayns vörð á líkindum fullkomni af ekki væru hinum þólandi umhyggisúðum og athyglissjúki foreldra hans og afbrýðislausni þyrir bróður - sem lífi búa í næsta húsi! Fjallað er um líf sögu-hetjanna á gamansáman hátt og hafa Peter Boyle og Doris Roberts, sem fara með hlutverk foreldra, vakíð verðskuldaða athygli.

00:00 The World Police Videos (e)
 Er eins og nafnið gefur til kynna þáttur sem samanstendur af þrjárðleigustu upptöku amerísku lögregluinnar af raunverulegum atburðum! Ög eins og við öllum er veruleikinn minn svaka-legrí en þú eða sjónvarp

00:50 Jay Leno (e)

Laugardagur 18. janúar

13:00 Dateline (e)
13:50 Jay Leno (e)
14:40 Ladies Man (e)
15:05 Jamie Kennedy Experiment.
Jamie Kennedy er uppistandari af guðs nafni en hefur nú tekið til við að koma fólki í óvæntar aðstæður og fylgjast með viðbrögðum þeirra. Og allt að sjálf-sögðu teki upp á faldra myndavél.
15:35 Spy TV (e)
16:00 Djúpa laugin (e)
17:00 Listin að lífa (e)
18:00 Fólk með Sirrý
19:00 Dateline (e)
20:00 Jamie Kennedy Experiment
20:30 Baby Bob - Lokapáttur
21:00 Kvikmynd
22:30 Law & Order CI (e) í þessum

Þáttur er fylgst með störfum lögreglu-
deildar í New York en einnig með
glæpamönnum sem hún elstist við.
Ahorfendur upplifa glæpinn frá sjónar-
horni þess sem fremur hann og síðan
fylgst þeir með refsakáinni sem hefst er
lögreglan reynir að finna þá.

23:20 Law & Order SVU (e)
00:10 Tvöfaldur Jay Leno (e)

Sunnudagur 19. janúar

14:30 Silfur Egils
 14:30 The Great Carrey Show (e)
 14:30 The King of Queens (e)
 15:00 Charmed (e)
 16:00 Judging Amy (e)
 17:10 Innlit/títtí (e)
 18:00 The Bachelor 2 (e)
 19:00 Girlfriends (e)
 19:30 Cybernet
 20:00 Spy TV – Lokapáttur
 20:30 Will & Grace – lokapáttur
 21:00 The Practice. Margverlaunað
 lagadrama framleitt af David E. Kelley
 sem fjallar um líf og störf verjendanna.
 á stofnunin Donnell, Young, Dole & Frucht
 og andstönd þeirra sakðingjanna Hann
 Gamble sem er jafn umfangur um að koma
 skjólstæðingum verjendanna í fangelsi
 og þeim er að hindra það.
 21:50 Silfur Egils (e) Silfur Egils hefur
 fest sig í sessi sem mikils metinn vettvangur
 politískrar og málafalegrar umræðu
 og hefur frá upphafi verið einn umtalað-
 asti sjónvarpsþáttur landsins; fjórmikill,
 skemmtilegur og óháður. Egill Helgason
 kafar undir fyrirbörð, hristir upp í mönnum
 og málefnum með beinskýtttri og
 fróðlegri umræðu.
 23:20 Guinness world records (e)
 Heimsmetabækur Guinness er eins og
 nafnið bendir til byggður á heimsmetabók
 Guinness og kynnir þar margra grasa.
 Þátturinn er spennandi, forvitnilegur og
 stundum ákaflega undarlegur. Ötrúleg
 afrek fólk af ölfu sauðahúsi eða einfald-
 lega sauðheimskt fólk.

Hvað er að ske? Á helginni
16. jan - 21. jan.



STELLA I FRAMBOÏ

Leikstjóri:
Guðný Halldórsdóttir
Aðalhlutverk:
Edda Björgvinsdóttir,
Þórhallur Sigurðsson,
Gísli Rúnar Jónsson

<i>Sunnudag</i>	<i>kl 5</i>	<i>Sunnudag</i>	<i>kl 9</i>
<i>Mánudag</i>	<i>kl 9</i>	<i>Þriðjudag</i>	<i>kl 9</i>

GHOSHSHIP

Hópur fólks finna ferðaskip sem myndist árið 1962 þar sem það er á reki um Beringshaf, fólkið ákveður að cigna sér skipið. En þegar þau fara að draga það að höfn fara sérkennilegir hlutir að gerast og fólkið finnur sig fast inni skipinu og komast þau fljótt að því að einhver mjög illi væri á heimna þar.

Fimmtudag kl 9
Föstudag kl 9

2 fyrir 1 í boði Smirnoff á Íslandi

föstudags- og
laugardagskvöld

Og frábær tilboð
á 3 tegundum af
Soccker

Fasteignaviðskipti

TRYGGVI GUDMUNDSSON NDL
 Mafnarstræt 1 - Ísafirði
 Símar: 466 3940 & 466 3244
 Fax: 466 4647 - Netfang: tryggvi@snorpa.is

Heimasíða: www.bb.is/tg

Festir og þessir auglýsingar eru ákafis stjórnaðar af Söluáskránni. Allar frekar upplýsingar eru veittar á söluáskránni að Helmsstöðinni 1 og á heimasíðu okkar: www.hbaf.is

fyrir miðja ásmót sér geymslu.
Verð 4,5 m.kr.
Þja herbergja íbúðin
Aðalstræti 24: 74,6 m² íbúð 2. hæð.
Íbúðin er öll ný og vel einangruð.
Verð 5,5 m.kr.
Aðalstræti 24: 62 m² íbúð 4. hæð.
Íbúðin er öll ný og vel einangruð.
Verð 4,9 m.kr.
Brunngata 12a: 57,4 m² íbúð í góðu stöndi á n.h. í tvíþýlishúsi ásamt sér geymslu og þvottahúsi í kjallara og eignaríð.
Verð 4,5 m.kr.
Engjavegur 33: 50,4 m² íbúð í nýrri hæð í tvíþýlishúsi. Verð 4 m.kr.
Fjarðarstræti 6: 77,3 m² íbúð 1. hæð í fjölþýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð 4,6 m.kr.
Hlíðarvegur 27: 49,9 m² íbúð á neðri hæð í tvíþýlishúsi. Áhvf. ca. 555 þús.kr. Verð 3 m.kr.
Hlíflífi 11, Torfnesi: 50,4 m² íbúð 4. hæð í Dvalarhrellmili aðraðra. Áhvf. ca. 3,7 m.kr. Lousstrax.
Verð 6,3 m.kr.
Seljalandsvegur 58: 52,1 m² íbúð á n.h. í tvíþýlishúsi ásamt helmingi tvöfalda bílskúrs. Áhvf. ca. 600 þ.kr.
Tilboð óskast
Sandstræti 22: 68 m² 2ja-3ja herb. íbúð á jarðhæð í fjölþýlishúsi.
Verð 4 m.kr.
Túngata 3: 80,7 m² íbúð 2. hæð ásamt ristifelli. Verð 4,5 m.kr.
Verðunarmáttmæði:
Sillfargata 6: 98,5 m² verslunarbúnaði á einni hæð í hjarta borgarinnar. Möguleiki á að nýta sem íbúðarhúsnæði. Verð 4,5 m.kr.
Atvinnuhúsnæði:
Mánagata 1: 315 m² atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum Verð 9 m.kr.
Mánagata 4 - (Herkastallinn): Gistiheimili og/eða 6 leigubíðir.
Verð hugmynd 10 m.kr.
Sindragata 14: 534 m² stólrindarhúsi á einni hæð. Húsið er nýtt, vel útbúið atvinnuhúsnæði á góðum stað. Verð 25 m.kr.
Töluborgarviki:
Stígahlíð 4: 54 m² 2ja herbergja íbúð í kjallara í fjölþýlishúsi. Íbúðin er í góðu stöndi. Tilboð óskast
Vitastigur 19: 73,1 m² 3ja herbergja íbúð í fjölþýlishúsi ásamt 16 m² bílgeymslu. Tilboð óskast
Möguleiki:
Beckungata 32: 129,6 m² hláðri einþýlishúsi á einni hæð ásamt bílskúri. Verð 5,9 m.kr.
Þjálfarhúsi:
Sólfarbrú og audd- og dekurstæfa í fullum rekstri með leigubúðum á Tungu 3, ísæðifi. Fýgihútur m.a. 2 stratasteiki, soðanaruddeiki, Turbo ljósbekkur, leirvaufingar, leir, fýris innbú o.fl.
Verð 5,5 m.kr.

veðrið

Horfur á fimmtudag:
Norðaustan 13-18 m/s
norðan- og vestantil og
snjócoma, en heldur
hægari suðaustantil og él.
Frost víða 1 til 8 stig.

Horfur á föstudag:
Norðaustan 13-18 m/s
norðan- og vestantil og
snjócoma, en heldur
hægari suðaustantil og él.
Frost víða 1 til 8 stig.

Horfur á laugardag:
Norðlæg átt, 8-13 m/s
vestantil á landinu, en
hægari austantil. Snjó-
koma suðvestantil, él
norðanlands, en annars
skýjað með köflum og
úrkomulítið. Fremur
kalt í veðri.

Horfur á sunnudag:
Austlæg átt, stíf sunnantil
og snjócoma eða slydda,
en hægari og úrkomulítið
norðantil. Fröst 0-8 stig.

Horfur á mánudag:
Austlæg átt, slydda eða
rigning sunnan- og aust-
antil, en þurrt að mestu
norðvestantil.
Hlýnandi veður.

bakkir

Með hlýhug þakka ég fjölskyldu minni, ættingjum og öllum þeim sem heiðruðu mig með heimsóknum og gjöfum í tilefni af 70 ára afmæli mínu þann 24. desember sl. Hljýar vinarkveður til ykkar allra.

Erla Sigurgeirsdóttir, Aðalstræti 22, Bolungarvík.

kirkja

Ísafjarðarkirkja:
Kirkjuskóli á laugardag kl. 11:00. Messa og altaris-
ganga á sunnudag kl. 11.
Prestur: Stína Gísladóttir.

Hnífsdalskapella:
Kirkjuskóli á sunnudag
kl. 13:00.

Flateyrarkirkja:
Guðspjónusta á sunnudag
kl. 14:00 með þátttöku
Kvenfélagsins Brynju á
Flateyri. Fiölmennum!

fundur

Foreldri til foreldris:
Fundur verður í gamla skólanum í Hnífsdal miðvikudaginn 22. jan. kl. 20:30.

Skíðavikan

Gestir bóka sig þrátt fyrir snjóleysið

Aðdáendur Skíðavíkkunnar á Ísafirði láta ekki snjóleysið slá sig út af laginu og eru þegar farnir að bóka hótélgistingu og gera aðrar ráðstafanir. Að sögn Gunnars Þórðarsonar hjá Vesturferðum er fólk byrjað að hringja varðandi um gistingu og annað um þáskana.

Undirbúningur Skíðavíkkunnar er að komast á skrið og ljóst að mikið verður um nýja atburði og afþreyingu. Þótt skíðamenn megi horfa upp á golfara iðka sína íþrótt á skíðabrautunum í Tungudal eru þeir ekki enn farnir að örvænta og spá góðri skíðatíð síðla vetrar.



Kristín Gísladóttir, móðir Ólafs Th. Árnasonar, Íþróttamanns Ísafjarðarbæjar 2002 og Katrín systir hans tóku við viðurkenningunum. Á milli þeirra er Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2002 útnefndur

Ólafur Th. Árnason kjörinn

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar árið 2002 var útnefndur í hófi í Stjórnsýsluhúsinu á sunnudag. Að þessu sinni var valinn Ólafur Th. Árnason, skíðagöngumaður á Ísafirði, en hann átti miklu gengi að fagna á árinu. Þetta er í annað sinn sem Ólafur hlýtur þessa

viðurkenningu en hann var einnig Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar árið 1999.

Ellefu íþróttamenn voru tilnefndir af aðildarfélögum HSV og hlutu þeir allir viðurkenningu. Einnig hlaut Lárus Danielsson sem keppir utan félaga viðurkenningu en hann

sígraði á Þrekmeistaramóti Íslands á síðasta ári. Auk Ólafs Th. Árnasonar fengu fjórir íþróttamenn styrk úr Afreks- og styrktarsjóði Ísafjarðarbæjar og nam hann 100.000 krónum fyrir hvert þeirra.

Ólafur er staddur við æfingar í Noregi og gat því ekki

tekið við útnefningunni. Fyrir hans hönd komu Katrín Árnadóttir, systir hans, og Kristín Gísladóttir, móðir hans, og tóku við útnefningunni og því sem henni fylgdi úr hendi Birnu Lárusdóttur forseta bæjarstjórnar.

Sjá nánar á bls. 13.



Hjördís og Heiðar Ingi.

Ísafjarðarbær

Fá 200 þús. kr. styrki

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti á fundi sínum á fimmtudag í síðustu viku að veita sérstakt 200 þúsund króna framlag til Afreks- og styrktarsjóðs Ísafjarðarbæjar til stuðnings þeim Hjördísi Ernu Ólafsdóttur og Heiðari Inga Marinóssyni, sem valin hafa verið í íslenska Ólympíuhópinn.

Tillagan um áðurnefnt framlag Ísafjarðarbæjar kom frá meirihluta bæjarstjórnar en allir bæjarfulltrúar greiddu henni atkvæði sitt. Enda þótt 25 íþróttamenn hafi verið valdir í Ólympíuhópinn er ekkert ákveðið um það hverjir fara þegar þar að kemur. Það ræðst af því hvornig frammistaðan verður þegar nær dregur og skiptir því miklu að hafa góðar aðstæður til æfinga og undirbúnings.

Farþegum fjölgar jafnt og þétt í Ísafjarðarflugi Flugfélags Íslands

Stefnt að aukningu í ár

Heildarfjöldi farþega í Ísafjarðarflugi Flugfélags Íslands var rétt um 40 þúsund á nýliðnu ári. Það er um 500 farþegum færra en árið áður en sú fækkun um rúmlega eitt prósent segir hvergi nærri alla söguna. Fyrstu mánuðir ársins 2002 voru mun lakari en árið áður en hlutirnir snerust þegar á árið leið og síðasti þriðjungur ársins var langtum betri en árið áður. „Við stefnum að aukningu í ár“, segir Arnór Jónatansson, stöðvarstjóri Flugfélags Íslands á Ísafirði, og segir horfurnar nú í ársbyrjun miklu betri en á sama tíma í fyrra.

Aðspurður hvort snjóleysið og góð færð á landi hafi ekki valdið því að fleiri en ella hafi ekið á milli í vetur í stað þess að fljúga telur Arnór svo ekki



Ísafjarðarflugvöllur.

vera. „Jól og áramót voru mjög góð hjá okkur, bæði hvað farþegafjölda snertir og flugið sjálft. Ég held að fólk keyri ekki eins mikið á milli og áður, og sakir þess hversu tryggt flugið hefur verið og vegna þeirra lágu fargjalda sem nú eru í boði“, segir Arnór.

Tíðfarið hefur leikið við Ísafjarðarflugið í allan vetur eins og áður hefur komið fram. Í desember og það sem af er janúar er verulegur munur milli ára hvað áreiðanleika í fluginu varðar. Síðast var ófært á Ísafirði fyrri hluta dags þann 19. desember og í öllum mánuðinum féll flug niður

einn heilan dag og fimm hálfar. Árið áður voru sjö heilir dagar og tólf hálfir ófærir í desember. Arnór segir að nýliðinn desember sé að þessu leyti sá besti í að minnsta kosti áratug og það sem af er nýja árinu hefur einnig verið „glymjandi fært“ alla daga.

Stuttar af bb.is



Verslunin Bónus er til húsa í Ljóninu á Skeiði.

Stolið úr verslunum

Tilkynnt var um tvo búðarþjófnaði til lögreglunnar á Ísafirði í síðustu viku. Annar þjófnaðurinn átti sér stað í verslun Samkaupa en hinn í verslun Bónuss. Aðilar þeir sem hér áttu hlut að máli teljast til fullorðinna eða eru yfir þrítugu. Aðfaranótt laugardags var óskað eftir aðstoð lögreglunnar vegna manns er hafði neytt áfengis í of miklum mæli. Hann var ósjálfbjarga og þurfti aðstoðar við til að komast í náttstað.

Tvö óhöpp í umferðinni

Tilkynnt var um tvö umferðaróhöpp til Ísafjarðarlögreglu í liðinni viku. Annað óhappið varð á þrettándanum þegar bifreið rann út af veginum í Hnífsdal, skammt frá Skarfaskeri. Bifreiðin hafnaði í flæðarmálinu en valt ekki. Ökumaður var einn og sakaði hann ekki. Hitt óhappið varð við brúna á Heydalsá í Mjóafirði eins og nánar er greint frá annars staðar í blaðinu.

Trassa að láta skoða

Lögreglan á Ísafirði kærði í liðinni viku sjö ökumenn þar sem þeir höfðu ekið yfir leyfilegum hámarksraða. Þrír þeirra voru stöðvaðir í Vestfjarðagöngum, en þar er eins og kunnugt er 60 km hámarksraði. Eftir þessa viku mega 18 bifreiðaeigendur búast við sektum fyrir að hafa ekki fært bifreiðar sínar til lögbundinnar skoðunar. Bifreiðaeigendur eru hvattir til að trassa ekki þennan mikilvæga þátt, en töluverður kostnaður getur hlotist af brotum sem þessum.